



Barnaheill

Save the Children á Íslandi



**EINELTIÐ BYRJAÐI
Í LEIKSKÓLA**

2015



Barnaheill

Save the Children á Íslandi

EFNISYFIRLIT

Vináttan í forgrunni	3
Markmið og áherslur	4
Óskir íslenskra barna	5
Afmælishátíð Barnaheilla	6
Afmæli Barnasáttmálans	8
Í kringum landið á Ferguson traktorum til styrktar Barnaheillum	10
Er rétt að tefla börnum fram í fjölmiðlum?	11
Ungmennaráð	12
Mjúkdýraleiðangur IKEA	13
Mæðraskýrslan 2015	14
Hjólásöfnun Barnaheilla	16
Fátækt	18
Fritíminn getur verið dýrt spaug	19
Söfnuðu 400 þúsund krónum fyrir Barnaheill	21
Vinátta	22
Vinátta í verki.	24
Vissi ekki að ég væri öðruvísi.	26
Ömurleg tilfinning að sjá barnið beitt ofbeldi	29
Heimilisofbeldi	32
Stuðningsaðili endurnýjar samning	37
Arsenal styrkur.	37
Áfengi í matvöruverslanir –skref aftur á bak?	39
Ábendingahnappur	41
Save the Children gegn Ebólu í Sierra Leone	43
Erlent starf	44
Fjáröflun	48
Sérstakar þakkir	49
Við erum Barnaheill	50

Blað Barnaheilla

–Ársrit júní 2015

Útgefandi: Barnaheill - Save the Children á Íslandi
 Ritstjóri: Sigríður Guðlaugsdóttir
 Ábyrgðarmaður: Erna Reynisdóttir
 Forsíðumynd: Ásta Kristjánsdóttir
 Fyrirsæta: Selma Björk Hermannsdóttir
 Förðun: Bára Alexandersdóttir
 Myndir á innsíðum: Barnaheill - Save the Children
 Umbrot: Litróf/Inga Lilja Einarsdóttir
 Prentvinnsla: Litróf – umhverfisvæn prentsmiðja
 ISSN 1021-7134



Arion
hraðþjónusta

– hafðu það eins og þú vilt



Apótekarinn⁺
– lægra verð



VINÁTTAN Í FORGRUNNI

ÁGÆTI LESANDI

Árlegt blað Barnaheilla- Save the Children á Íslandi er komið út þriðja árið í röð. Efni blaðsins nú tileinkað Vináttu- verkefni Barnaheilla, sem er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Í blaðinu er einnig fjallað um 25 ára afmæli Barnaheilla sem fagnað var með veglegum hætti á Nauthóli í október 2014. Árleg viðurkenning Barnaheilla var jafnframt veitt við það tilefni og kom hún í hlut Peggy Oliver Helgason fyrir óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf í þágu langveikra barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa verið hluti af alþjóðasamtökum Save the Children síðan Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1989. Alþjóðasamtökin hafa nú 32 landsdeildir og starfa í yfir 120 löndum.

Við eigum stofnanda Save the Children, Eglantyne Jebb mikið að þakka fyrir óbilandi baráttu hennar fyrir löggjöf á sviði barnaréttar. Stefnuyfirlýsing sem hún skrifaði fyrir Save the Children varð grunnurinn að Genfaryfirlýingu þjóðarbandalagsins árið 1924 um vernd og umönnun barna. Barnasáttmálinn eins og við þekkjum hann í dag á rætur sínar að rekja til þessarar yfirlýsingar en hefur þróast í takt við nýjar hugmyndir alþjóðasamfélagsins um réttindi barna. Barnasáttmálinn var fullgiltur í nóvember árið 1989 og á því 25 ára afmæli um þessar mundir. Ungmennaráð Barnaheilla hefur unnið að verkefnum í tengslum við afmæli sáttmálans eins og fjallað er um í blaðinu.

Barnaheill - Save the Children um heim allan vinna sleitulaut að því að finna leiðir til að hámarka öryggi barna og tryggja vernd þeirra. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í að bæta kjör barna víðs vegar um heim eru aðstæður milljóna barna engu að síður með öllu óviðunandi. Margt kemur til og koma þær náttúruhamfarir sem nýlega riðu yfir Nepal og nágrenni fyrst upp í hugann. Ástandið á Miðjarðarhafi hefur einnig verið áberandi í fréttum nýverið, þar sem fólk frá Líbíu, Sírylandi og löndum sunnan Sahara freistar þess að finna betra líf. Fréttir berast af tugum þúsunda fjölskyldna sem lenda í greipum óprúttinna aðila á flóttanum yfir hafið í leit að betri tilveru. Hörmuleg endalok þúsunda fjölskyldna á hafi úti eru okkur flestum kunn.

Vissulega má segja að staða barna á Íslandi sé góð sé hún borin saman við stöðu fjölda annarra barna sem búa við skelfilegar aðstæður

vegna náttúruhamfara og stríðsátaka. Ísland er hvorki fátækt né stríðshráð land. Engu að síður búa börn hér við misgóðar aðstæður. Það er sorgleg staðreynd að sum börn búa við fátækt. Það er ekki á færi efnaminni foreldra eða atvinnulausra að veita börnum sínum sum þau lífsgæði sem þykja jafnvel sjálfögd í samfélagi okkar. Hópur barnafólks hefur ekki öruggan stað til að halla höfði sínu á nema í skamman tíma í einu. Barnaheill hafa reynt eftir megni að þrýsta á stjórnvöld að bæta aðstæður þessara barna.

Í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans um vernd barna gegn ofbeldi leggja samtökin sitt af mörkum til að börn að njóti verndar gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Um þessar mundir er unnið að því að innleiða *Vináttu*, forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Með því er lagður ómetanlegur grunnur að samskiptum án ofbeldis og annarrar óæskilegrar hegðunar sem börnin munu njóta góðs af alla ævi.

Barnaheill taka einnig þátt í menntunar- og heilbrigðisverkefnum á erlendri grundu í þeim löndum þar sem neyð barna er mikil. Ber þá fyrst að nefna þátttöku samtakanna í neyðaraðstoð í farsælu samstarfi við alþjóðasamtökin. Nú síðast söfnun fyrir hjálparstarfi samtakanna í Nepal.

Fræðsla og ráðgjöf sem lýtur að réttindum út frá Barnasáttmálanum er viðvarandi hluti af vinnu Barnaheilla. Samtökin beita sér meðal annars fyrir vernd barna og forvörnum varðandi hættur á netinu, þau reka ábendingalínu fyrir óviðeigandi eða ólöglegt efni á netinu og beita sér fyrir vernd barna gegn kynferðisofbeldi á ferðamannastöðum. Barnaheill hafa lagt áherslu á að miðla upplýsingum og fræðslu með fjölbreyttum hætti til að ná til sem flestra.

Barnaheill vilja einnig vekja athygli á skaðsemi heimilisofbeldis á börn, en hún getur verið mikil og langvarandi. Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á börnum sínum til 18 ára aldurs og börn eiga ekki annan kost en að treysta fullorðnum til að annast þau. Það er því sorglegt til þess að vita að fyrir sum börn er heimilið hættulegasti staðurinn að vera á.

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem treysta á fjárhagslegan stuðning einstaklinga, hins opinbera og fyrirtækja. Það er mikilvægt að velunnarar sjái af verkum Barnaheilla að fjármunum sé vel varið og í samræmi við lög

og stefnu samtakanna. Eitt meginmarkmiðið með útgáfu blaðs Barnaheilla er að segja frá framgangi og þróun helstu verkefna og upplýsa almennt um starfsemina.

Öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum velunnurum Barnaheilla sem styrkt hafa starf samtakanna með einum eða öðrum hætti eru færðar innilegar þakkar fyrir stuðninginn, sem og Vigdís Finnbogadóttur, verndara Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, en hún hefur veitt ómetanlegan stuðning og hvatningu í gegnum árin.

Stjórnarfolki og starfsmönnum eru færðar sérstakar þakkar sem og öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum við vinnslu og útgáfu blaðs Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2015.

Lífið heil.



Kolbrún Baldursdóttir
formaður Barnaheilla- Save the
Children á Íslandi



MARKMIÐ OG ÁHERSLUR



Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri
Barnaheilla - Save the Children
á Íslandi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættri meðferð á börnum og að því að ná fram varanlegum breytingum til batnaðar á högum þeirra. Í þau 25 ár sem samtökin hafa verið starfrækt hér á landi hefur áherslan verið á velferð og réttindi barna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið leiðarljós samtakanna frá upphafi enda saga hans samtvinnuð sögu Save the Children. Á þessu starfsári verða verkefni innanlands áfram í forgrunni. Þar ber

helst að nefna Vináttu, forvarnarverkefnið okkar gegn einelti. Verkefnið hefur nú verið kennt í tilraunaskyni í sex leikskólum frá hausti 2014. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið og nú þegar er eftirspurn frá fleiri leikskólum eftir því að taka það í notkun. Haustið 2015 hefst undirbúningur við að uppfæra efnið eftir ábendingum tilraunaleikskólanna og þjálfa nýtt starfsfólk til að vinna með það. Búast má við að Vináttu verði innleidd í 15-20 nýja leikskóla á fyrstu mánuðum ársins 2016.

Það er ekki ofsögum sagt að málsvarahlutverk Barnaheilla er mikilvægt þegar kemur að því að standa vörð um réttindi barna og hafa áhrif á lagasetningu sem þau varða. Orð eru til alls fyrst og það er einmitt á þann hátt sem samtökin hafa áhrif. Barnaheill munu áfram standa vaktina í þágu barna með því að vekja máls á því hvað betur megi fara í þeim efnum. Það er gert með greinaskrifum, umsögnum um lagafrumvörp og áætlanir, ályktunum auk samtals við þá aðila sem að málum koma, svo sem þingmenn og embættismenn. Sú staðreynd að þúsundir barna á Íslandi eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun er dæmi um brot á mannréttindum þeirra. Því er eitt helsta baráttumál samtakanna á árinu að aðstæður þessara barna verði bættar, ekki síst húsnæðismálin, en alltof mörg börn á Íslandi búa við óviðunandi húsnæðiskost.

Barnaheill vekja athygli á Degi barnsins í lok maí með því að minna stjórnvöld og almenning á

að hafa réttindi og velferð barna í huga við alla ákvörðunartöku sem varðar börn.

Barnaheill eru aðilar að SAFT verkefninu og halda úti ábendingalínu þar sem hægt er að tilkynna um óviðeigandi og ólöglegt efni á neti. Það verkefni er meðal annars fjármagnað af Evrópusambandinu.

Af annarri starfsemi má nefna árlega hjóla-söfnun samtakanna sem unnin er í samvinnu við Æskuna - Barnahreyfingu IOGT og Íslenska fjallahjólaklúbbinn. Úthlutun hjóla er sem áður framkvæmd í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélaganna. Í ár var börnum af landsbyggðinni einnig boðið að sækja um hjól og er ljóst að eftirspurn eftir hjólum er mikil.

Eins og sjá má spanna verkefni Barnaheilla - Save the Children á Íslandi vítt svið. Samtökin eru að stærstum hluta rekin með frjálsum framlögum frá almenningi og við þökkum Heillavinum okkar fyrir stuðninginn. Um leið hvetjum við aðra að gerast Heillavini og styðja þannig baráttu okkar fyrir bættum mannréttindum barna því börn geta ekki staðið vörð um réttindi sín sjálf. Barnaheill hafa staðið vaktina sem málsvarar barna í 25 ár og munu gera það áfram með stuðningi almennings. Mikilvægt er að líta á slíkan stuðning sem fjárfestingu sem skilar sér í betra samfélagi börnum til heilla. 🇮🇸


*Með því að gerast Heillavinur
styður þú mannréttindi barna
með mánaðarlegu framlagi*

barnaheill.is/styrkjastarfid





"Ég vildi óska að ég væri prinsessa"



"Ég vildi óska að ég væri harður gaur"

ÓSKIR ÍSLENSKRA BARNNA

Þann 17. desember 2014 var ljósmyndasýning Ástu Kristjánsdóttur *Óskir íslenskra barna* formlega opnuð í Smáralind. Ljósmyndirnar byggja á reynslusögum íslenskra barna úr samtímanum sem upplifað hafa ofbeldi, vanrækslu, einelti eða fátækt. Myndirnar sýna óskir þessara barna um betra líf.

Sýningin var gjöf Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Ástu til barna á Íslandi í tilefni af 25 ára afmæli samtakanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í miðju sýningarinnar stóð óskatré þar sem börn gátu skrifað óskir sínar á miða og sett á tréð. Þar komu fram áhugaverðar óskir barnanna um betra líf. Nemendur í 10. bekk Smáraskóla voru viðstödd opnunina og skráðu óskir sínar á miða.

Öll börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi og rétt á að njóta umönnunar. Ef þú veist um barn

sem býr við ofbeldi, vanrækslu eða verulegan skort á nauðsynjum skaltu tilkynna það til barnaverndar eða í neyðarlínuna í síma 112.

Upplýsingar um birtingarmyndir ofbeldis, úrræði og aðstoð er að finna á vef Barnaheilla www.verndumborn.is.

UM HÖFUNDINN

Ásta Kristjánsdóttir á langan feril að baki og starfar í dag sem ljósmyndari í Reykjavík. Í myndum sínum leitast hún gjarnan við að senda skilaboð til áhorfandans sem endurspeglar sýn hennar á samfélagið.

Börnin sem léku hlutverk á ljósmyndunum eru: Blær Hinriksson, Bóel Sigurlaug Arnarsdóttir, Dórotea María Jóhannsdóttir, Einar Arnar Sverrisson, Embla Móey Guðmarsdóttir, Isabella Lindudóttir, Ísak Hinriksson, Klara Rut Guðmundsdóttir og Ylfa Oddbjörg Arnarsdóttir

Um búninga og leikmynd sáu Steinunn Hauksdóttir og Harpa Einarsdóttir. Förfundin og hár var í höndum Sigrúnar Torfadóttur.

Allir ofantaldir gáfu vinnu sína og eftirfarandi aðilar lögðu hönd á plóg til að verkefnið gæti orðið að veruleika: Pixel, Hagkaup, Steinunn Hauksdóttir, Þorbjörg Sveinsdóttir/Barnahús og Kristín Björnsdóttir.





AFMÆLISHÁTÍÐ BARNHEILLA BÖRNUM TIL HEILLA Í TUTTUGU OG FIMM ÁR

Þann 24. október síðastliðinn fögnuðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi því að 25 ár voru liðin frá stofnun samtakanna hér á landi. Undirbúningsnefnd tók til starfa snemma á árinu sem í sátu Kolbrún Baldursdóttir formaður Barnaheilla, Kristín Jónasdóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri og Erna Reynisdóttir núverandi framkvæmdastjóri.

Fljótlega var tekin sú ákvörðun að fagna afmælinu á sjálfum afmælisdeginum og flétta saman dagskrá sem samanstæði af áhugaverðum erindum og skemmtun. Einnig þótti nefndinni mikilvægt að árleg viðurkenning samtakanna yrði afhent við þetta tækifæri.

Efnt var til afmælishátíðar á Nauthóli þann 24. október. Öllu stjórnarfélagi, starfsmönnum og sjálfboðaliðum í gegnum tíðina var boðið til hátíðarinnar ásamt velunnurum samtakanna og öllum þeim sem hafa stutt við samtökin á einn eða annan hátt á þeim aldarfjórðungi sem þau hafa verið starfrækt.

Bjarni Snæbjörnsson, leikari og varamaður í stjórn samtakanna, stjórnaði dagskránni. Kolbrún

Baldursdóttir formaður hélt opunarávarp þar sem hún rakti sögu samtakanna stuttlega og þakkaði þeim fjölmörgu aðilum sem stutt hafa starf samtakanna frá stofnun, bæði stjórnarfélagi, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, börnum og stuðningsaðilum. Þá flutti Pétur Ólafsson, aðstoðarmaður Dags B. Eggertssonar, kveðju borgarstjóra sem ekki komst á afmælishátíðina. Hrefna Friðriksdóttir, dósent, varaforseti lagadeildar Háskóla Íslands og stjórnarmaður Barnaheilla til fjölmargra ára, hélt erindi þar sem hún fléttaði saman sögu Barnasáttmálans og Barnaheilla.

Þegar Hrefna lauk erindi sínu stigu fulltrúar úr Ungmennaráði Barnaheilla á svið, þau Árni Daníel Árnason, Herdís Ágústa Linnét og Ingibjörg Ragnheiður Linnét, og fluttu lagið *Bláu augun þín* eftir Gunnar Þórðarson. Það var mál manna að þarna væri á ferð mikið hæfileikafólk.

Héðinn Halldórsson, starfsmaður Barnaheilla í Danmörku, sagði frá starfi sínu sem upplýsinga-fulltrúi neyðaraðstoðar fyrir alþjóðasamtökin. Óhætt er að segja að Héðinn hafi snert við flestum í salnum með erindi sínu og myndskleiðum sem

lýstu þeim skelfilegu aðstæðum og upplifunum sem sýrlensk börn búa við.

Viðurkenning Barnaheilla fyrir árið 2014 var veitt að hléi loknu og kom hún í hlut Peggy Oliver Helgason fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu langveikra barna.

Ung leik- og tónlistarkona, Selma Rán, flutti að því loknu lagið *Imagine* eftir John Lennon við mikla hrifningu gesta. Þá flutti formaður Ungmennaráðsins, Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnét, ávarp fyrir hönd ráðsins. Að lokum sló Gunnar Hrafn Jónsson, fréttamaður og varamaður í stjórn Barnaheilla, botninn í vel heppnaða dagskrá með gríni og léttu spjalli við mikla gleði viðstaddra. Að formlegri dagskrá lokinni var boðið upp á léttar veitingar þar sem gestum gafst tækifæri á að spjalla og rífa upp gamlar minningar úr gömlum gögnum samtakanna sem voru til sýnis.

Dagurinn heppnaðist að öllu leyti vel og þakkar stjórn og starfsfólk Barnaheilla öllum þeim sem voru viðstaddir fyrir samveruna og hlýjar kveðjur.



TRÚÐURINN MEÐ GULLNA HJARTAÐ HLAUT VIÐURKENNINGU BARNAHEILLA



Frá afhendingu viðurkenningarinnar á Nauthóli. Frá vinstri Erna Reynisdóttir, Vigdís Finnbogadóttir, Sigurður Helgason, Peggy Oliver Helgason og Kolbrún Baldursdóttir.

Peggy Oliver Helgason, iðjubjálfi, hlaut Viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2014 fyrir sérstakt framlag í þágu barna. Viðurkenningin var veitt fyrir stuðning hennar við langveik börn á Íslandi. Peggy hefur í rúma tvo áratugi heimsótt börn á Barnaspítala Hringins í trúðsgervi og glatt þau með leik og lestri. Hún gefur hverju og einu barni góðan tíma, er fyndin, kenjött og kærleiksrík. Hún fær einnig annað starfsfólk spítalans til að taka þátt í leiknum. Þetta ómetanlega framlag hefur glatt mörg veik börn og gert þeim spítalavistina þæringu.



Peggy sem trúðurinn Oliver á Barnaspítala Hringins. Mynd fengin af vefsíðu fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi Luis E. Arreaga.

Árið 2003 stofnuðu Peggy og maður hennar, Sigurður Helgason, ferðasjóð Vildarbarna Ícelandair, en hugmyndina að sjóðnum á Peggy. Sjóðurinn hefur veitt fjölda langveikra barna og fjölskyldna þeirra ferðastyrk.

Barnaheill veita viðurkenninguna árlega fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Vanalega er viðurkenningin veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 20. nóvember, til að vekja athygli á sáttmálanum og mikilvægi þess að Íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Að þessu sinni var Viðurkenningin hins vegar veitt á 25 ára afmæli samtakanna, sem einnig er dagur Sameinuðu þjóðanna.





Talsmenn barna á Alþingi eru þingmenn sem tala máli barna í starfi sínu og setja þannig upp „barnagleraugun“ þegar teknar eru ákvarðanir á Alþingi sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Hópin skipa þau Karl Gardarsson (B), Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (V), Elín Hirst (D), Páll Valur Björnsson (A), Valgerður Bjarnadóttir (S) og Birgitta Jónsdóttir (P).

AFMÆLI BARNASÁTTMÁLANS

Afmælishátíð í tilefni 25 ára afmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fór fram í Laugalækjarskóla á afmælisdaginn þann 20. nóvember 2014.

Afmælisdagurinn hófst á því að ráðherrar, þingmenn og nemendur Laugalækjarskóla borðuðu morgunhafragrautinn saman. Að því loknu setti innankisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, hátíðina og lýsti afmælisár sáttmálans formlega hafið. Sérstök afmælisnefnd sem meðal annars er skipuð fulltrúum úr ungmennaráðum Barnaheilla og Unicef auk ráðgjafahópi Umboðsmanns barna, hefur undirbúið viðburði sem dreifast yfir afmælisárið. Þar má nefna gerð sjónvarpsmynda, málþing og fleira.



Frankvæmdastjórar Barnaheilla, Unicef innankisráðherra og umboðsmaður barna fóru því næst fyrir fjöldsöng þar sem afmælisöngur Barnasáttmálans var sunginn við undirleik Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra.

GERÐUST TALSMENN BARNA Á ALÞINGI

Á afmælishátíðinni undirritaði sérstakur hópur þingmanna yfirlýsingu um að gerast „Talsmenn barna á Alþingi“. Hópin skipuðu þingmenn úr öllum flokkum sem hafa setið námskeið á vegum Unicef, Barnaheilla og Umboðsmanns barna um Barnasáttmálann og notkun hans

sem hagnýts verkfæris við ákvörðuna- og stefnumótun. Við undirritunina settu þingmennirnir upp sérstök „barnagleraugu“ til að muna eftir að líta á málin út frá sjónarhorni barna.

„Við vildum setja afmælisathöfnina inn í umhverfi barnanna, í anda Barnasáttmálans og leggja þannig áherslu á að samfélagið aðlagji sig börnum og þeirra umhverfi, en gerum ekki ráð fyrir að börnin séu sett í umhverfi hinna fullorðnu,“ segir Þóra Jónsdóttir, starfsmaður Barnaheilla - Save the Children á Íslandi og ráðgjafi ungmennaráðs samtakanna.

Engin ein þingnefnd á Alþingi hefur það hlutverk að fjalla heildstætt um málefni barna. Stofnun þingmannahópsins skapar því forsendur til að vinna enn frekar að innleiðingu Barnasáttmálans á Íslandi. Jafnframt er með honum skapaður breiður grunnur fyrir samstarf við stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna. Með því að gerast talsmenn barna á Alþingi er þingmönnum enn fremur gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum barna á framfæri við undirbúning lagasetningar og við stefnumótun á þingi sem og í stjórnsýslunni.

UNGMENNI FUNDUÐU MEÐ ÞINGNEFND

Þann 4. febrúar 2015 sátu átta fulltrúar ung-

mennaráða Barnaheilla, umboðsmanns barna og Unicef fund velferðarnefndar Alþingis í tilefni afmælisins. Þetta er í fyrsta sinn sem hópur ungmenna fundar með þingnefnd á opnum fundi og skiptist þar á skoðunum um málefni barna. Rætt var um þátttöku og réttindi barna, skólakerfið og menntun auk velferðarmála.

Herdís Ágústa Linnét, formaður ungmennaráðs Barnaheilla sat fundinn ásamt þeim Nóna Sæ Ásgeirssyni og Ingibjörgu Ragnheiði Linnét auk fulltrúa úr ungmennaráði Unicef og úr ráðgjafahóp umboðsmanns barna.

Herdís ræddi um birtingamyndir ofbeldis gegn börnum og mikilvægi þess að vinna að forvörnum. Nóni Sær talaði um skort á fræðslu um fatlanir fyrir umsjónarmenn, kennara og börn og Ingibjörg Ragnheiður ræddi um geðheilbrigðismál og þörf á úrbótum.

„Ég er afar stolt af ungmennunum okkar. Þau komu á framfæri skýrum en yfirveguðum skilaboðum við þingmenn sem virtust móttaka skilaboðin og skilja þörfina á auknu samtali og samráði við börn og ungmenni um mál sem þau snerta“, sagði Þóra Jónsdóttir.

Bein útsending var frá fundinum á RUV og á sjónvarpsrás Alþingis.



Ungmennaráðin sátu fund velferðarnefndar Alþingis í febrúar.

BARNASÁTTMÁLINN 25 ÁRA

Þann 20. nóvember 2014 var 25 ára afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fagnað um allan heim. Barnasáttmálinn hefur verið leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi frá stofnun samtakanna, sama ár og Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Barnaheill og Barnasáttmálinn eru því jafnaldrar og nánir samherjar.

Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur sem til er. Alls hafa 195 ríki fullgilt hann. Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn rétt á að lifa og þroskast við bestu mögulegu líffskilyrði, líkamlega, andlega og félagslega. Börnum þarf að tryggja lágmarksframfærslu til lífsafkomu sem gerir þeim kleift að öðlast slíkan þroska. Þeim má ekki mismuna og þeim skal tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Börn eiga rétt á virkri þátttöku í samfélaginu, á að segja skoðun sína um mál og ákvarðanir sem þau snerta og taka skal tillit til skoðana þeirra með auknum hætti eftir því sem þau eldast og þroskast. Það sem barni er fyrir bestu skal ætíð hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um líf þess og málefni. Þingi og stjórnvöldum ber skylda til að heimfæra reglur sáttmálans á nær allar ákvarðanir sem teknar eru. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013 og hefur gildi almennra laga. Það er því hægt að byggja rétt á ákvæðum hans fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstólum. Með lögfestingunni má segja að Ísland hljóti að vilja leggja sig sérstaklega fram um að virða mannréttindi barna og gera allt sem í valdi þess stendur til að uppfylla réttindi allra barna á Íslandi.

Á 25 ára afmæli Barnasáttmálans er gott að minna á mikilvægi þess að öll börn, allir þeir sem umgangast börn, vinna með börnum eða bera ábyrgð á þeim, kunni skil á mannréttindum barna. Íslensk stjórnvöld eru samkvæmt sáttmálanum ábyrg fyrir því að kynna meginreglur og ákvæði samningsins víða, með virkum hætti, jafnt fyrir börnum sem fullorðnum.

Barnasáttmálinn er mikilvægt tæki til að tryggja viðunandi viðmið um líf og aðstæður barna. Sé hann notaður á réttan hátt getur hann nýst sem forvörn gegn ofbeldi, fátækt, vanrækslu og stuðlað að heilbrigði og velferð barna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja alla til þess að kynna sér innihald sáttmálans, tileinka sér anda hans og lifa og haga sér í samræmi við ákvæði hans. Öll börn eru einstaklingar með sjálfstæð mannréttindi. Þau eru fullgildir meðlimir samfélagsins sem koma skal fram við af virðingu og kærleika. Tryggjum þeim þau réttindi.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Karl og Grétar um það bil sjö ára í sveitinni.



Traktorinn frægi á Valdarási sem heillaði félagana. Á myndinni er Helgi Axelsson við heystörf.

Í KRINGUM LANDIÐ Á FERGUSON TRAKTORUM TIL STYRKAR BARNAEILLUM

Þeir kalla sig Vini Fergusons, félagarnir sem frá fimm ára aldri eyddu sumrum saman í sveitinni á Valdarási í Fitjárdal. Nú er liðin hálf öld frá því þeir kynntust þar, en enn muna þeir drauminn úr Húnavatnssýslunni sem hefur blundað í þeim æ síðan. Drauminn um að keyra traktor hringinn í kringum landið.

„En það er ekki sama hvernig traktor þetta er. Við erum að tala um tiltekna gerð, Massey Ferguson, tegund 35X, árgerð 1963. Traktorinn okkar sem við keyrðum, unnum og lékum okkur á í sveitinni fyrir um 50 árum síðan,“ segir Karl Friðriksson, sem í dag er framkvæmdastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Félagi hans, Grétar Gústafsson, er meistari í bifvélavirkjun og mikill áhugamaður um búvélar og fornbíla. Hann segir að fyrst hafi þeir ekki ætlað að gera mikið úr ferðinni, en fjölskylda og vinir hafi hvatt þá til að nýta tækifærið og láta gott af sér leiða. Barnaheill hafi orðið fyrir valinu, enda hafa þeir fylgst með starfi samtakanna um árabíl.

„Við erum sammála um að maður eigi að láta góða drauma rætast,“ segir Grétar; „Og nú er stundin runnin upp!“

Félagarnir leggja í hann á tveimur Massey Ferguson traktorum þann 25. júní og verða 12-14 daga á leiðinni. Þeir njóta stuðnings Olís sem leggur til eldsneyti á traktorana.

„Og svo vonum við auðvitað að okkur takist að safna einhverri góðri upphæð handa Barnaheillum, því samtökin vinna að mörgum mjög þörfum og góðum verkefnum í þágu allra barna á Íslandi,“ segja þeir að lokum.



Hægt er að hvetja félagana áfram með því að hringja í söfnunarsímann **904 1900** eða leggja inn á bankareikning Barnaheilla **0334-26-4521**, kt. 521089-1059.



Karl og Grétar við annan Fergusoninn sem þeir fara á hringinn í kringum landið, en þá verður búið að gera traktorinn upp og mun hann skarta sínu fegursta eins og góðum Ferguson sæmir.



Mynd tekin af netinu.

ER RÉTT AÐ TEFLA BÖRNUM FRAM Í FJÖLMIÐLUM?

Öðru hverju birtast viðtöl við fólk sem deilir reynslusögum úr lífi sínu með almenningi, sem ýmist lýsa jákvæðri upplifun eða erfiðri lífsreynslu. Í einhverjum tilfellum er börnum þeirra sem segja söguna fléttað inn í frásögnina eða eru beinlínis frásagnarefnið sjálf. Sama á sér stað á samfélagsmiðlum. Oftast er það engum til skaða en stundum er ástæða til að hafa áhyggjur af því að barni geti orðið meint af eða að það geti verið óþægilegt fyrir barnið til framtíðar að vera blandað í frásögn foreldra.

Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga börn rétt á friðhelgi einkalífs og þau eiga rétt á að tjá sig um mál sem þau varða, í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börn eiga því sjálfstæðan rétt til að hafa áhrif á það hvort um þau birtist umfjöllun í fjölmiðlum. Hafi þau ekki þroska til að leggja mat á það sjálf eiga þau að njóta verndar gegn því

að vera teft fram í fjölmiðlum. Það sem birtist á netinu, verður þar um ókomna tíð. Foreldrar þurfa að spyrja sjálfa sig að því hvort það hafi áhrif á líf barna þeirra að þeir segi sögur af lífi þeirra. Þeir þurfa að spyrja börn sín að því hvort þau vilji að umfjöllun um þau og jafnvel myndir af þeim, birtist í fjölmiðlum og lífi á netinu um ókomna tíð.

Með fjölmiðlaumfjöllun um börn taka foreldrar og fjölmiðlar ákvarðanir sem geta haft áhrif á líf barna, í nútíð og í framtíð, til góðs eða ills.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum hag barna á Íslandi og vilja vekja athygli á rétti barna til að hafa áhrif á eigin líf eins og Barnasáttmálinn kveður á um. Okkur ber öllum að taka ákvarðanir í samræmi við það sem er barni fyrir bestu. Það á við í hinu víðasta

samhengi. Það er afar mikilvægt að við virðum einkalíf barna okkar og tökum ákvarðanir með það fyrir augum hvort umfjöllun í fjölmiðlum sé barni okkar fyrir bestu, ekki bara í dag heldur til framtíðar.



Þóra Jónsdóttir

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að þekkja
réttindi sín.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

UNGMENNARÁÐ

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára sem vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna. Markmiðið er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta samfélagið sem þau eru hluti af. Fulltrúar ungmennaráðsins sitja ráðstefnur og taka þátt í málþingum samtakanna, skrifa greinar í blöð og taka þátt í opinberri umræðu er varðar málefni barna, eins og þurfa þykir.

VIÐBURÐARÍKT ÁR AÐ BAKI

Þetta ár hefur verið einstaklega viðburðaríkt og skemmtilegt hjá okkur í ungmennaráði Barnaheilla. Þrátt fyrir að vera einungis sjö og hafa aðeins unnið saman í eitt ár þá höfum við tekist á við stór og krefjandi verkefni. Meðal þeirra má nefna erindi á ráðstefnu um fjölskyldustefnur og velferð barna, handrit að stuttmynd vegna afmælis Barnasáttmálans, fund með ríkisstjórninni, þátttöku í afmælishátíð Barnaheilla, fund með velferðarnefnd Alþingis og þátttöku í hugmyndasmiðju Evrópu unga fólksins. Í vetur fengum við svo heimsókn frá ungmennaráðum Save the Children á hinum Norðurlöndunum og fengum heilmikið út úr henni. Við funduðum saman, fórum í sund, fengum okkur „eina með öllu“ og ís og urðum hluti af norrænu samstarfi.

Ekki hefði mér dottið í hug þegar ég byrjaði í ungmennaráðinu að við myndum taka þátt í svona mörgum skemmtilegum og ólíkum verkefnum. Allt frá vinnu við að gera kvikmynd til fundar með valdamesta fólki Íslands. Út frá þessu höfum við öðlast mikla og ómetanlega reynslu og lært að skilja umhverfi okkar betur sem ungmenni. Auk þessarar góðu reynslu höfum við lært að vinna saman sem hópur. Við höfum einnig kynnst nýjum krökkum sem allir hafa sameiginlegan áhuga á réttindum barna. Mörg verkefnanna höfum við unnið sameiginlega með ráðgjafarhópi umboðsmanns barna og ungmennaráði Unicef, sem við höfum lært mikið af.

Þar sem við erum aðeins sjö í ungmennaráði Barnaheilla urðum við hissa þegar krakkarnir úr ungmennaráðum Norðurlandanna sögðust hafa í kringum 2.000 eða jafnvel 5.000 sjálfbóðaliða í sínum ráðum! Okkar markmið er að fá fleiri inn í ungmennaráðið og eru áhugasamir hvattir til að sækja um. Við vonumst til þess að vinna að skemmtilegum verkefnum á næsta ári og að fólk haldi áfram að hlusta á okkur unga fólkið.

Ég vil þakka öllum í ungmennaráðinu, Þóru, Ernu og Margréti, ráðgjafarhópi umboðsmanns barna og ungmennaráði Unicef kærlega fyrir ánægjulegt samstarf.



Herdís Ágústa Linnet
formaður ungmennaráðs
Barnaheilla

RADDIR OKKAR ERU MIKILVÆGAR

Ég heiti Brynhildur Kristín og er að verða átján ára. Ég er því bráðum að verða fullorðinn einstaklingur og hef þá loksins eitthvað að segja í samfélaginu. Því þangað til að ég verð átján er ég barn. Og börn hafa nú ekki miklar skoðanir og vita ekkert svo mikið. Er það nokkuð?

Svona lítur samfélagið út fyrir flestum börnum í dag. Það er sjaldnast tekið mark á börnum og ungu fólki og þeim er sjaldan gefið svigrúm til að láta skoðanir sínar í ljós - og stundum ekki einu sinni til að mynda sér sínar eigin skoðanir; „Þú ert bara barn, þú veist ekkert um svona fullorðinsmál,“ er gjarnan sagt við börn. En hvernig eigum við að skilja öll þessi „fullorðinsmál“ þegar við verðum fullorðin, ef við fáum hvorki að læra um þau sem börn, né hafa skoðanir á þeim? Hvernig eigum við í framtíðinni að treysta okkur til að mynda okkur skoðanir á einhverju, ef skoðanir okkar hafa verið hunsaðar.

Þessu viljum við í ungmennaráðinu breyta. Við viljum skapa svigrúm fyrir ungt fólk til að mynda sér skoðanir, koma þeim á framfæri og hafa áhrif. Við viljum koma því inn hjá fullorðna fólkinu að raddir okkar skipta máli. Því börn eru sérfræðingar í að vera börn.

Í ungmennaráði Barnaheilla hef ég loksins fengið almennilegt tækifæri til að hafa áhrif. En það er erfitt að hafa áhrif aleinn, og því eru ungmennaráð afar mikilvægur vettvangur fyrir þá sem vilja láta til sín taka. Ég hef þroskast töluvert og lært ótrúlega margt í starfi mínu í ungmennaráðinu og hlakka til að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.



Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir

SKEMMTILEGT OG GEFANDI AÐ VERA Í UNGMENNARÁÐINU

Að vera meðlimur í ungmennaráði Barnaheilla er eitt af því skemmtilegasta og mest gefandi sem ég hef gert um ævina. Oft hef ég komið heim af fundum með hugann á fleygiferð eftir umræðurnar og liðið eins og ég gæti bætt hag barna í samfélaginu. Og hlutverk ungmennaráðsins er einmitt það; að vinna að bættum hag barna, að hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og að virkja börn og unglinga til þátttöku um að móta það samfélag sem þau eiga aðild að.



Ingibjörg Ragnheiður Linnét, Lilja Reykdal Snorradóttir, Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Hafliðadóttir, Margrét Hlín og Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnét

Auk þess að vinna gott starf í þágu barna hef ég kynnst fullt af flottum og klárum krökkum sem hafa öll sömu markmið varðandi velferð barna. Á síðasta ári starfaði ungmennaráð Barnaheilla mikið með ungmennaráði Unicef og ráðgjafarhópi umboðsmanns barna. Við höfum meðal annars unnið að gerð stuttmyndar sem sýnd verður á RÚV í haust. Stuttmyndin er gerð í tilefni af afmæli Barnasáttmálans. Ívar Kristján Ívarsson leikstýrir myndinni og nemendur Borgarholtsskóla vinna að gerð hennar. Ungmennaráðin sömdu handritið og tókur hófust í lok maí. Í þessari mynd verða aðstæður

barna á Íslandi sýndar og ýmis annar fróðleikur um stöðu barna. Það verður skemmtilegt að fylgjast með og taka þátt í þessu spennandi verkefni.

Ungmennaráðið hefur reynt mér eins og skóli. Skóli sem kennir manni að vinna með öðrum, líta gagnrýnum augum á samfélagið, að koma fram og að vera betri manneskja. Ég hlakka til að taka þátt í fleiri verkefnum innan ungmennaráðsins og halda áfram að reyna að breyta heiminum, þótt ekki sé nema pínulítið.



Ingibjörg Ragnheiður Linnét

MJÚKDÝRALEIÐANGUR IKEA SKILAR 10 MILLJÓNUM EVRA FYRIR MENNTUN BARNNA

Viðskiptavinir IKEA um allan heim söfnuðu rúmlega 10 milljón evrum fyrir menntunarverkefnum Barnaheilla - Save the Children og UNICEF í 18 löndum um síðustu jól og áramót. Frá árinu 2003 hefur Mjúkdýraleiðangurinn hjálpað meira en 11 milljónum barna í 46 löndum að stunda nám við erfiðar aðstæður. Viðskiptavinir IKEA á Íslandi söfnuðu alls 10.611 evrum, eða rúmlega 1,6 milljónum króna.

Eins og undanfarin ár bauðst viðskiptavinum IKEA á Íslandi einnig að gefa tvisvar með því að láta mjúkdýr í söfnunarkassa í versluninni. Þar söfnuðust tæplega 400 mjúkdýr sem renna til Barnaspítala Hringins þar sem þau gleðja skjólstæðinga spítalans.

Fjármagnið sem safnast í Mjúkdýraleiðangrinum er nýtt til að þjálfa kennara, bæta öryggi barnanna, kaupa skólagögn og efla skólasókn í fátækustu samfélögum heimsins. Hlutur Barnaheilla - Save the Children rennur til eflingar menntunar fatlaðra barna og barna sem tilheyra minnihlutahópum í Asíu og Evrópu. Fjármunirnir nýtast til margvíslegra verkefna tengdum menntun, og jafnvel hjálpa börnum að halda áfram í skóla eftir áföll.



Frá afhendingu mjúkdýranna á Barnaspítala Hringins. Á myndinni eru fúltrúar IKEA, Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, UNICEF og foreldrar og starfsfólk Barnaspítalans með börnum sem njóta góðs af söfnuninni.



MÆÐRASKÝRSLAN 2015

Á hverju ári gefa Barnaheill – Save the Children út skýrslu um stöðu mæðra í heiminum. Ísland er ávallt ofarlega á lista skýrslunnar um þau lönd þar sem best er að vera móðir og ráða þar helst þættir á borð við fæðingarorlof, barnadauða, menntun, jafnrétti, stöðu kvenna í stjórnmálum og meðallandsframleiðslu á mann.

Í ár var skýrslan gefin út í 16. sinn og var staða mæðra í borgarsamfélögum til sérstakrar skoðunar.


Ísland er í þriðja sæti af þeim löndum þar sem best er að vera móðir á eftir Noregi og Finnlandi. Danmörk og Svíþjóð skipa 4. og 5. sætið. Sómalía rekur lestina annað árið í röð og af botnsætunum 11 eru níu skipuð Afríkulöndum.

Á vesturlöndum kemur staða Bandaríkjanna mest á óvart. Þau hafa fallið niður listann síðustu ár og eru nú í 33ja sæti af þeim 179 löndum sem tekin eru fyrir í skýrslunni. Ein af hverjum 1.800 þarlendum mæðrum eiga á hættu að látast af vandkvæðum vegna meðgöngu eða

fæðingu. Hvergi á vesturlöndum er staðan verri. Þetta þýðir að kona í Bandaríkjunum er meira en tíu sinnum líklegri til að látast við þessar aðstæður en pólsk eða austurrísk móðir - og barn í Bandaríkjunum er jafn líklegt til að látast fyrir fimm ára aldur og barn í Serbíu eða Slóvakíu.

Skýrslan leiðir einnig í ljós alvarlegt misræmi á heilsu ríkra og fátækra í helstu borgum heimsins. Á stöðum þar sem efnaðasta og heilbrigðasta fólkið býr, búa einnig sumar fátækustu fjölskyldur jarðkringlunnar.


„Í fyrsta sinn í mannkynssögunni býr nú meira en helmingur jarðarbúa í borgum. Vonin um betra líf og aukna atvinnuöguleika laðar fólk til borgarsamfélaga. Margar borganna ná ekki að halda utan um þennan aukna fjölda. Afleiðingarnar eru þær að hundruð milljóna mæðra og barna búa án nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu í borgum þar sem aðgengi að hreinu vatni er oft ábótavant,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.



Bilið á milli heilsu hinna ríkustu og fátækustu í stórborgum sumra auðugustu þjóðanna er alveg jafn mikið og í fjárhagslega illa stæðum borgum, samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar.

Séu lífslíkur barna skoðaðar í 25 höfuðborgum ríkustu landa heims, kemur í ljós að Washingtonborg er í neðsta sæti, rétt á eftir Vínarborg, Bern, Varsjá og Aþenu.

Skýrslan leiðir einnig í ljós jákvæðar niðurstöður. Bent er á fjölda borga þar sem lífslíkur barna og mæðra hafa aukist, jafnvel hjá fátækustu mæðrum og börnum. Þar er unnið að því að efla heilbrigðisþjónustu, auka vitund um heilbrigði mæðra og barna og að gera heilbrigðiskerfið aðgengilegra og ódýrara fyrir fátækustu borgarfélagskyldurnar. Meðal þessara borga eru Kampala í Úganda, Addis Ababa í Eþíópíu, Kaíró í Egyptalandi, Manilla á Filippseyjum og Phnom Penh í Kambódíu.

„Lífslíkur borgarbarna ættu ekki að vera forréttindi hinna ríku, heldur sjálfsagður réttur allra barna,” segir Erna. 



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Nuby

með þér alla leið



Allir Nuby stútarir og rörin eru með einkaleyfi og eru sérstaklega hönnuð til að henta vel í þróun á gómi og nýjum tönnum barna.



Stútkanna með handföngum, sem hjálpar barninu að fara frá pela yfir í stútkönnu. Stúturinn á könnunni er hannaður til að hjálpa börnum að þróa þá færni að bita, því vökvinn úr glasinu lekur aðeins út ef stúturinn er bitinn saman. Þessi eiginleiki hjálpar til við að styrkja vöðvana við og í munni og venur barnið af því að nota einungis sog

Stútkönnur án handfanga, með þægilegu gripi. Stúturinn er svipaður og í skrefi 1, en aðeins mjórrí og veldur því ekki vandamálum í þróun/uppbyggingu munnis og tanna. Gripið á könnunni gerir barninu kleift að halda sjálft á könnunni. Það stuðlar að sjálfstæði barnsins.

Kanna með röri, kennir barninu að drekka með röri. Silikon rörið fær það til að nota efri og neðri vörina til að ná að sjúga upp úr könnunni. Með því styrkir það vöðvana í og við munninn. Rörið örvar bitið sem eykur inntöku og fær barnið til að vilja fara fyrr að drekka úr glasi.

Kanna/brúsi, síðasta skrefið, þar sem barnið lærir að drekka alveg sjálft úr könnu með silikon stút eða brúsa með stút. Þetta aðstoðar barnið við að verða meira sjálfstætt, eins og það væri að drekka úr glasi. Að fara úr könnu yfir í glas veltur allt á stöðugleika kjálkans, barn öðlast þá getu með því að þróa bitið og þannig nær það að stjórna kjálkanum.



HJÓLASÖFNUN BARNAHEILLA

Fjórdú Hjólasöfnun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi lauk í maí þegar 150 hjólum hafði verið úthlutað til barna sem annars ættu ekki kost á að eignast hjól. Um 400 hjól í misgóðu ástandi söfnuðust í ár og eftir viðgerðir sjálfbóðaliða, voru 200 góð hjól til skiptanna. Um 50 hjól voru síðan gefin áfram til Hjálparstarfs Kirkjunnar:

Hjólasöfnunin er samstarfsverkefni Barnaheilla, Æskunnar - barnahreyfingar IOGT og Íslenska fjallahjólaklúbbsins. Verkefnið felst í að safna hjólum á móttökustöðvum Sorpu og Hringrásar, gera við hjólin og úthluta þeim svo til barna sem ekki geta eignast hjól með öðru mó ti. Úthlutun er unnin í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélaganna.

„Verkefnið hefur vaxið og þróast og nú var börnum af landsbyggðinni í fyrsta sinn boðið að sækja um hjól. Um það bil 40 hjól voru því send út á land,“ segir Þóra Jónsdóttir, verkefnastjóri hjólasöfnunarinnar og bætir við að á hverju ári bætist í reynslubankann; „Við viljum til dæmis gjarnan

hafa úrval af hjólum svo börnin geti valið úr. Það sem eftir stendur er því gott að geta gefið áfram til Hjálparstarfs Kirkjunnar.“

Auk ofantaldra samstarfsaðila hafa margir lagt verkefninu lið og er þeim þakkað innilega fyrir þeirra framlag. Meðal þeirra eru Sorpa, Hringrás, Pósturinn, félagsþjónustan á allri landsbyggðinni, Flytjandi, Dominos Pizza, fasteignafélagið Eik, GÁP hjólabúðin, Útilíf, Markið, Örninn og Kiwanis klúbbarnir í Hafnarfirði.

„Síðast en ekki síst ber að þakka frábærum sjálfbóðaliðum í reiðhjólaviðgerðum. Án þeirra framlags væri framkvæmd verkefnisins ekki möguleg,“ segir Þóra að lokum.

Nánari upplýsingar um hjólasöfnunina er að finna á vef barnaheilla www.barnaheill.is og á Facebook síðu söfnunarinnar www.facebook.com/hjolasofnunBarnaheilla.





Varðan

Barnavörverslunin
Varðan – Elsta starfandi
barnavörverslun
landsins.



Varðan – fyrir
verðandi og
núverandi foreldra
ungbarna.

FÁTÆKT

Gefum öllum börnum jöfn tækifæri

BARNAFÁTÆKT ER BROT Á MANNRETTINDUM BARNNA

Frá árinu 2013 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi tekið þátt í vinnu Evrópuhóps Save the Children um fátækt barna í álfunni. Samkvæmt skýrslu Evrópuhópsins sem kom út vorið 2014 eiga 27 milljónir barna í Evrópu á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun. Barnafátækt er því veruleiki í öllum ríkjum Evrópu, einnig í hinum norrænu velferðarríkjum. Helsti orsakavaldur fátæktar eru lágur tekjur eða framfærsla heimilanna. Börn foreldra af erlendum uppruna, börn einstæðra foreldra og foreldrar með litla menntun eru líklegri til að búa við fátækt og brottfall úr skóla er hærra hjá þessum hópi. Börn sem alast upp við fátækt eru jafnframt líklegri til að búa áfram við fátækt sem fullorðnir einstaklingar. Að alast upp við fátækt hefur víðtæk áhrif á möguleika barna til framtíðar.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn að hafa tækifæri til að lifa og þroskast og búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þeirra. Öll börn skulu njóta þessara réttinda og ekki má mismuna þeim sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

Þó er það þannig að vegna efnahagslegrar stöðu foreldra sinna búa ekki öll börn við ásættanlegar aðstæður eða jöfn tækifæri.

Samkvæmt skýrslu Evrópuhóps Save the Children eiga um 16% íslenskra barna eða um 12.000 börn á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun. Allt að 30% þessara barna býr í húsnæði sem er óviðunandi og jafnvel við mikið þröngbyli. Um 40% barnanna býr við þær aðstæður að húsnæðiskostnaður er fjölskyldunni þungur baggi og henni jafnvel ofviða. Of stór hluti heimilistekna fer í húsnæðiskostnað og því er fjármagn af skornum skammti til annarra þátta á borð við tómsundur barnanna eða heilsuefingu. Börnin búa í mörgum tilfellum við tíða flutninga, sem gerir það að verkum að þau ná ekki að festa rætur á hverjum stað og eiga því á hættu að verða félagslega einangruð. Heimili sem er öruggt og heilsusamlegt er ein grundvallarforsenda fyrir þroska barna, heilsu þeirra, menntun og félagslífi. Börn þurfa aðstöðu og næði á heimili sínu til að vinna heimavinnu, leika sér og geta boðið félögum sínum heim. Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa ekki við þær aðstæður.

Því miður er það jafnframt svo, að sökum efnahagslegrar stöðu foreldra sinna, hafa ekki öll börn á Íslandi tækifæri til að rækta áhugamál sín eða stunda tómsundur utan skólatíma.

Til þess að draga úr barnafátækt skorar Evrópuhópur Save the Children á stjórnvöld Evrópuríkja til að grípa til aðgerða. Til dæmis með því að tryggja viðunandi framfærslu fyrir allar fjölskyldur; tryggja gjaldfrjálsa gæðamenntun fyrir

öll börn og styrkja leikskólamenntun og gæslu fyrir ung börn, minnka brottþvarf úr skólum með raunhæfum aðgerðum sem virka og að tryggja aðgang allra barna að tómsundum, listum og skemmtunum og marka stefnu um tómsundur. Lögð er áhersla á að styrkja velferðarkerfið, því það er helsta tæki jöfnunar og félagslegs réttlætis fyrir börn. Allar áætlanir sem varða börn og miða að því að útrýma fátækt og félagslegri einangrun þurfa að byggjast á þeim réttindum sem öll börn eiga að njóta og skilningi á stöðu þeirra og þörfum. Mikilvægt er að líta á fjármagn sem varið er til málefna barna sem fjárfestingu en ekki útgjöld og ætti fjárfesting í börnum aða vera meginregla í fjárlagagerð á öllum stjórnsýslustigum. Það mun skila sér til alls samfélagsins í nútíð og framtíð.

Bernskan er afar mikilvæg og líður hratt. Því er brýnt að vinna hratt að því að tryggja öllum börnum bestu mögulegu aðstæður til að þroska hæfileika sína og eiga gott líf. Mikilvægt er að hafa í huga að börn bera ekki ábyrgð á þeirri stöðu sem þau eru í og því er það samfélagsleg ábyrgð að tryggja öllum börnum viðunandi líffskilyrði. Fátækt og félagsleg einangrun eykur hættuna á að börn njóti ekki þeirra réttinda sem þau eiga samkvæmt lögum og er því barnafátækt í raun brot á mannréttindum barna.



Margrét Júlía Rafnsdóttir

FÁTÆKT

Ég gat kannski

alveg farið í afmæli, en ég gat ekki gefið afmælisgjafir. Mér leið mjög minnimáttar.

12 ára drengur í Reykjavík

Styrktu verkefni í þágu barna á jolapeysan.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

FRÍTÍMINN GETUR VERIÐ DÝRT SPAUG

Brátt líður að sumri, skólar loka dyrum sínum og börnin flykkjast út til að njóta þess sem sumarið hefur uppá að bjóða; ferðalög, leiki, námskeið og samveru við fjölskyldu og vini. Ólíkt grunnskólanum, sem er kjölfesta allra barna, er frítíminn eins misjafn og aðstæður barnanna leyfa. Frítíminn getur nefnilega verið dýrt spaug.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest, eiga öll börn rétt á grunnenntun án endurgjalds. Þau eiga rétt á tómtundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra og þroska. Jafnframt er í Barnasáttmálanum kveðið á um að ekki megi mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, svo sem vegna efnahags.

Skólinn er hornsteinn jafnræðis í samfélaginu og þar gefst einstakt tækifæri til að jafna aðstöðu barna. Hér á landi er almennt lítil munur á milli skóla og í flestum íslenskum skólum er að finna þverskurð íslensks samfélags. Það er í skólanum sem mörg börn kynnast hinu fjölbreytta samfélagi lista, menningar og íþróttar. Þau uppgötva eigin hæfileika og áhugasvið og finna þeim gjarnan farveg til lífstíðar. Því miður er það þó svo, að sökum efnahagslegrar stöðu foreldra sinna, hafa ekki öll börn á Íslandi tækifæri til að rækta áhugamál sín, stunda tómtundir utan skólatíma eða nýta sér hin fjölbreyttu tækifæri sem börnum bjóðast í skólafríum.

Þó að grunnskólinn sé gjaldfrjálst hafa börn gjarnan þurft að greiða fyrir ýmislegt sem tengist skólanum, svo sem fyrir námsgögn, skemmtanir og ferðalög. Nú í vor hafa margir skólar sent út lista yfir námsgögn sem börn þurfa til skólagöngunnar haustið 2015 og skólinn gerir



ráð fyrir að foreldrar útvegi. Mikilvægt er að áreitta að öll þau gögn sem gert er ráð fyrir að börn noti fyrir skólann ætti skólinn að útvega án endurgjalds.

Til að gera börnum kleift að taka þátt í kostnaðarsömum viðburðum á vegum skóla eða tómtundafélaga hefur það víða tíðkast að börnin eru látin safna fé með því að selja vinum og vandamönnum ýmsan varning og jafnvel er salan eyrnamerkt hverju barni. Hér þarf að huga að því að ábyrgðin verður foreldranna og staða barna og foreldra þeirra er ansi misjöfn. Ekki hafa öll börn sömu tækifæri til að afla fjár með þessum hætti og sem dæmi má nefna að sum börn eiga foreldra sem ekki eru á vinnumarkaði, eru af erlendum uppruna og/eða hafa lítið tengslanet.

Mikilvægt er að öllum börnum sé gert kleift að taka þátt í öllu því starfi sem er á vegum skóla, eða annars starfs tengdu skólanum svo

sem foreldrafélaga eða frístundaheimila og sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra. Jafnframt er mikilvægt að öll börn hafi tækifæri til að sinna tómtundum utan skólatíma og í skólafríum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi kalla eftir stefnu frá stjórnvöldum hvað varðar rétt allra barna til tómtunda, leikja og skemmtana án þess að þeim sé mismunað vegna stöðu foreldra sinna, sem þau bera svo sannarlega ekki ábyrgð á. Barnaheill vilja jafnframt hvetja alla þá sem vinna með börnum eða að málefnum þeirra, að tryggja öllum börnum þann rétt sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að þeim sé ekki mismunað. Þannig megi öll börn þroskast og dafna, uppgötva hæfileika sína og nýta þau tækifæri sem samfélagið hefur upp á að bjóða.



Margrét Júlía Rafnsdóttir

Dagur barnsins er opinber íslenskur dagur sem komið var á árið 2007 til heiðurs börnum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa haldið daginn hátíðlegan með ýmsum hætti og minnt í leiðinni á að staðinn sé vörður um réttindi barna.

Vissir þú að..

barnatær at mismuna börnum eftir því
hvat foreldrar þeirra gera.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Áskorun til stjórnvalda í tilefni af Degi barnsins 2015

HÚSNÆÐISÖRYGGI ER FORSENDA ÞROSKA OG HEILSU BARNA

Heimili sem er öruggt og heilsusamlegt er ein grundvallarforsenda fyrir þroska barna, heilsu þeirra, menntun og félagslífi. Börn þurfa aðstöðu og næði á heimili sínu til að vinna heimavinnu, leika sér og geta boðið félögum sínum heim. Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa ekki við þessar aðstæður.

SAMKVÆMT BARNASÁTTMÁLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA EIGA ÖLL BÖRN AÐ HAFA TÆKIFÆRI TIL AÐ LIFA OG ÞROSKAST OG BÚA VIÐ AÐSTÆÐUR SEM STUÐLA AÐ LÍKAMLEGUM, ANDLEGUM OG FÉLAGSLEGUM ÞROSKA ÞEIRRA. ÖLL BÖRN SKULU NJÓTA ÞESSARA RÉTTINDA OG EKKI MÁ MISMUNA ÞEIM SÖKUM STÖÐU ÞEIRRA EÐA FORELDRA ÞEIRRA.

Þó er það þannig að vegna efnahagslegrar stöðu foreldra sinna búa ekki öll börn við ásættanlegar aðstæður eða jöfn tækifæri.

Á ÍSLANDI EIGA UM 12.000 BÖRN Á HÆTTU AÐ BÚA VIÐ FÁTÆKT EÐA FÉLAGSLEGA EINANGRUN

ALLT AÐ 30% ÞESSARA BARNA BÝR Í HÚSNÆÐI SEM ER ÓVIÐUNANDI OG ÞAU BÚA JAFNVEL VIÐ MIKIÐ ÞRÖNGBÝLI

UM 40% BARNANNA BÝR VIÐ ÞÆR AÐSTÆÐUR AÐ HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR ER FJÖLSKYLDUNNI ÞUNGUR BAGGI OG HENNI JAFNVEL OFVIÐA

HLUTI BARNANNA BÝR VIÐ TÍÐA FLUTNINGA OG ÓÖRYGGI, SEM GERIR ÞAÐ AÐ VERKUM AÐ ÞAU NÁ EKKI AÐ FESTA RÆTUR OG EIGA Á HÆTTU AÐ VERÐA FÉLAGSLEGA EINANGRUÐ

Barnaheill — Save the Children á Íslandi hvetja stjórnvöld til að tryggja að allir eigi öruggt og heilsusamlegt heimili og að öll börn á Íslandi búi við tryggt húsnæði til lengri tíma. Samtökin skora á stjórnvöld og alla aðra sem málinu tengjast að taka höndum saman og vinna hratt og örugglega að því að ná þessu markmiði. Að alast upp við fátækt hefur víðtæk áhrif á möguleika barna til framtíðar.

BARNAFÁTÆKT ER ÞVÍ BROT Á MANNRÉTTINDUM BARNA.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



SÖFNUÐU 400 ÞÚSUND KRÓNUM FYRIR BARNAHEILL

Börn úr fimm barnakórum afhentu Barnaheillum – Save the Children á Íslandi rúmlega 400 þúsund krónu afrakstur af söfnunartónleikum sem haldnir voru til stuðnings Barnaheillum á dögnum. Tónleikarnir *Syngjum saman – stöndum saman*, voru haldnir í Langholtskirkju og Lindakirkju undir stjórn Jóhannu Halldórsdóttur kórstjóra. Friðrik Dór Jónsson söng með börnunum sem voru 220 talsins og komu úr fimm kórum; kórum Neskirkju, Hamraskóla, Lindaskóla, Vogaskóla og Ingunnarskóla.

Fjárhæðin sem safnaðist rennur til Vináttu, forvarnarverkefnis Barnaheilla gegn einelti í leikskólum. Börnin afhentu Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra, afraksturinn á skrifstofu samtakanna á Háaleitisbraut

„Það er gaman að sjá börn leggja sitt af mörkum til að leggja góðum málstað lið,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla: „Fyrir

utan hvað var gaman að hlusta á þau syngja, því þetta var listlega vel gert hjá þeim öllum og kórstjóranum.“

Jóhanna Halldórsdóttir, kórstjóri, segir að börnin hafi lagt heilmikið á sig og undirbúningur hafi verið töluverður. Þetta hafi allt gengið vel eins og afraksturinn sýni.

Við afhendinguna tilkynnti Jóhanna jafnframt að styrktartónleikar til stuðnings Barnaheillum yrðu héðan í frá árlegur viðburður.

„Það eru frábærar fréttir. Ég hvet alla sem hafa gaman að tónlist að fara á næstu tónleika að ári, því þeir síðustu voru stórskemmtilegir,“ segir Erna að lokum.



VILTU FÁ FRÉTTIR AF OKKUR?

Sendu okkur póst á barnaheill@barnaheill.is.

Við setjum þig á listann og sendum tölvupóst reglulega með fréttum af starfinu.





VINÁTTA *Forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum*

Í febrúar 2014 undirrituðu Barnaheill - Save the Children á Íslandi samstarfssamning við Mary Fonden og systursamtökin Red barnet - Save the Children í Danmörku, um notkun á námsefninu *Fri for mobberi* sem er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. *Fri for mobberi*, er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden og kom fyrst út í Danmörku árið 2007. Í dag er það einnig notað í leikskólum í Grænlandi og Eistlandi og áform eru um að taka það til notkunar í fleiri löndum.

Á Íslandi fékk efnið nafnið *Vinátta* sem hefur skírskotun í þau gildi sem verkefnið byggir á; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki.

UNDIRBÚNINGUR OG AÐLÖGUN AÐ ÍSLENSKU LEIKSKÓLASAMFÉLAGI

Strax fór í gang vinna við að þýða, staðfæra og framleiða það efni sem ætlað er leikskólum. Jafnframt var komið á samstarfi við sex sveitarfélög; Borgarbyggð, Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Einn leikskóli í hverju sveitarfélagi var fenginn til að nota efnið í tilrauna- og aðlögunarskyni veturinn 2014-2015. Háskólinn í Hróarskeldu þróaði spurningakönnun til að taka efnið út og meta

árangur þess. Sú könnun var lögð fyrir starfsfólk leikskólanna í september, áður en vinna með *Vinátta* hófst. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands vann svo úr könnuninni. Til að fá leyfi til að nota efnið fór starfsfólk leikskólanna á námskeið í byrjun október. Námskeiðinu var stýrt af Lars Stilling Netteberg frá Red barnet í Danmörku. Að því loknu fékk starfsfólk námsefnið; tösku sem inniheldur nemendaefni, kennsluleiðbeiningar fyrir starfsfólk auk efnis til að nota með foreldrum. Jafnframt fylgdi efninu bangsinn Blær, sem er táknmynd vináttunnar og hjálparbangsar fyrir hvert barn sem vinnur með verkefnið.

Þegar á leikskólana var komið hófst undirbúningur við innleiðingu á efninu og kynningu fyrir annað starfsfólk og foreldra. Jafnframt var skipulögð stund á hverjum leikskóla þar sem Blær og hjálparbangsar komu á leikskólann í fyrsta sinn. Í vetur hafa Barnaheill fylgst með innleiðingu á efninu og átt í góðu samstarfi við leikskólana. Haustið 2015 mun svo efnið verða endurskoðað ef með þarf og gefið út að nýju. Fleiri leikskólum mun þá standa til boða að fá það til notkunar og vonandi öllum leikskólum á Íslandi innan fárra ára.



FORVÖRN GEGN EINELTI

Margir telja að einelti sé ekki til staðar í leikskóla. En ef betur er að gáð má sjá að rætur eineltis má oft rekja þangað og það birtist í setningum eins og „ég vil ekki leiða þig“ eða „þú mátt ekki vera með í leiknum“. Það er því afar mikilvægt að byrja snemma að vinna með samskipti og koma í veg fyrir að einelti nái að þrífast.

GILDI VINÁTTU

1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla af virðingu.

2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi einkenni annarra.

3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samliðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

4. Hugrekki

Að þora að bregðast við og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Vinátta er forvarnarverkefni sem byggir á nýjustu rannsóknnum á einelti. Samkvæmt þeim rannsóknnum er einelti félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein sem þrífst í umhverfi þar sem lítið umburðarlyndi er fyrir margbreytileikanum og þar sem ákveðin viðmið eru um hvað sé rétt eða rangt, hvað má og hvað ekki. Reglur eiga þó bara við um suma og er jafnvel breytt eftir hentugleika. Skortur er á samhygd og góðum félagsanda og því þróast gjarnan samskiptamynstur sem byggist á útilokun. Sumir fá að vera hluti hópsins en aðrir eru óæskilegir eða útilokaðir. Þeir sem standa hjá þora ekki að bregðast við af ótta við að hljóta sömu örlög.

Það sem einkennir barnahópa þar sem einelti nær ekki að þrífast er hár þröskuldur umburðarlyndis og þar er samkennd. Börnin njóta virðingar og finna sér sinn eðlilega sess í hópnum, sama hver þau eru, hvernig þau líta út, hvaða hlutverki þau gegna og hvers þau eru megnug. Í *Vinátta* er lögð áhersla á að vinna með tilfinningar, samkennd og góðan skólabrag. Jafnframt að unnið sé með hópinn sem heild og ekki horft á geranda og þolanda, þar sem sami einstaklingur getur farið í mismunandi hlutverk eftir aðstæðum hverju sinni. Börnin eru þjálfuð í að setja sér og öðrum mörk og bregðast við órétti sem þau eða félagar þeirra verða fyrir. Sérstaklega er hugað að viðkvæmum börnum og börnum sem tilheyra minnihlutahópum, svo sem börnum innflytjenda. *Vinátta* byggir því á ákveðinni hugmyndafræði og gildunum umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Þessi gildi skulu vera samofin öllu skólafarfi þeirra leikskóla sem vinna með verkefnið.

ÁHERSLA Á ÞÁTTTÖKU FULLORÐINNA

Vinátta leggur mikla áherslu á vinnu með foreldrum og starfsfólki til að auka færni þeirra við að styrkja barnahópinn. Sérstök verkefni til að vinna með starfsfólki og foreldrum eru hluti af *Vinátta*. Unnið er með hina fullorðnu sem fyrirmyndir barnanna í orði og verki. Einnig er unnið með viðhorf starfsfólks og foreldra til annarra barna og foreldra þeirra - og innbyrðis samskipti hinna fullorðnu. Börnin verða að geta treyst þeim og vera viss um að hinir fullorðnu bregðist við á réttan hátt ef þau segja frá órétti. Það er á ábyrgð hinna fullorðnu að koma í veg fyrir einelti, að tryggja góðan félagsanda og skólabrag, að hjálpa börnunum að finna eitthvað sameiginlegt og að börnin upplifi að hver og einn geti alltaf reynst góður félagi. Þannig finna börnin fyrir öryggi og vellíðan, þau þroskast og byggja upp sjálfstraust. Því er mikilvægt að foreldrar og starfsfólk skóla vinni markvisst að því að samfélag barnanna sé öllum börnum vinveitt, að öll börn fái að njóta sín og þroskast á eigin forsendum. Á því byggir *Vinátta*.

ÁRANGUR HINGAÐ TIL

Rannsóknir í Danmörku hafa sýnt góðan árangur og ánægju með *Vinátta* - *Fri for mobberi* verkefnið. Allt að 98% starfsfólks og foreldra barna í leikskólunum telja að efnid hafi haft góð áhrif á börnin og að þau hafi haft gagn því. Þau telja að börnin hafi öðlast meiri hæfni til að mynda tengsl og til að eiga samskipti við önnur börn og fullorðna. Starfsfólk telur efnid mjög gott og auðvelt að vinna með það. Það segir efnid hafa opnað augu þeirra fyrir nýjum aðferðum og nálgun að leysa úr viðfangsefnum, nálgun sem byggir á gildum efnisins. Foreldrar barnanna þrýsta gjarnan á grunnskólann sem börnin fara í eftir leikskóla, að taka verkefnið upp.

Að sögn starfsfólks er *Vinátta* strax farið að bera árangur í þeim leikskólum á Íslandi sem nota verkefnið. Það sjáist á samskiptamynstri barnanna og viðbrögðum foreldra.

www.barnaheill.is/vinatata



Margrét Júlía Rafnsdóttir



HVAÐ ER Í TÖSKUNNI?

Sérstök verkefnataska fylgir *Vinátta*-verkefniinu. Þar er að finna efni handa börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans.

Blær bangsi er tákmynd *Vinátta* í verkefniinu. Hann minnir börnin á að gæta hvers annars vel og að vera góður félagi. Hann huggar einnig og styður þegar á þarf að halda.

Litlir bangsar tákna samfélag *Vinátta*, einn bangsi fyrir hvert barn sem tekur þátt í verkefniinu.

Leiðbeiningar lýsa bakgrunni *Vinátta*. Í þeim er fjallað um einelti á fræðilegan hátt og hvernig hægt sé að innleiða verkefnið í skóla. Þar er einnig að finna fjölda hugmynda að verkefnum til að vinna á leikskólanum.

Nuddhefti Leiðbeiningar um nudd fyrir börn. Sögur sem eru lesnar upp og börnin líkja eftir hreyfingum með því að nudda bak hvers annars.

Samræðuspjöld Á þeim eru teikningar af raunverulegum aðstæðum í samskiptum barna. Aftan á spjöldunum eru spurningar og hugmyndir að umræðum um aðstæðurnar og hvernig farsælast væri að leysa úr þeim.

Klípusögur fyrir foreldra og starfsfólk Klípusögurnar lýsa raunverulegum aðstæðum sem upp geta komið á leikskólanum og heima við. Þær stuðla að samræðum um þær aðgerðir sem hægt er að grípa til í daglegu lífi.

Veggspjöld eru hengd upp þar sem foreldrar koma, svo sem í anddyri leikskólans og/eða inni á deildum. Á spjaldinu eru foreldraráðin fimm.



VINÁTTA Í VERKI

Sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum hafa tekið þátt í tilrauna- og aðlögunarvinnu með Vináttu veturinn 2014-2015. Reynslusögur starfsfólks skólanna gefa hugmynd um hvernig verkefnið hefur tekist og hver upplifunin er hjá börnum, foreldrum og starfsfólki. Leikskólarnir eru Kirkjuból í Garðabæ, Álfaheiði í Kópavogi, Vesturkot í Hafnarfirði, Leikskóli Seltjarnarness, Hlíð í Mosfellsbæ og Ugluklettur í Borgarbyggð.

Alls staðar telur starfsfólk leikskólanna að *Vinátta* hafi haft góð áhrif á börnin, sérstaklega þau börn sem sýni hegðun sem megi bæta. Verkefnið þykir henta börnum best eftir að þau eru orðin 3-4 ára. Starfsmenn eru sammála um að *Vinátta* samlagist og samnýtist auðveldlega öðru skólstarfi.

Vinátta þykir einnig frábært verkfæri til að vinna að því að ná markmiðum sem sett hafa verið í skólstarfinu. Aðferðirnar þykja góðar til að efla samskipti, tjá tilfinningar, sýna samkennd, læra að hlusta og taka tillit til annarra. Þá þykir leiðbeiningaheftið gefa margar góðar hugmyndir að skemmtilegum verkefnum.

Hjá flestum skólanna var sérstakur foreldrafundur haldinn til að kynna verkefnið. Þar var innihald töskunnar og kynnt. Þar með gafst foreldrum tækifæri til að kynnast verkefninu í raun. Þetta gaf verkefninu byr undir báða vængi. Foreldrar barnanna eru mjög ánægðir með verkefnið og hafa sumir haft orð á því að þetta væri einmitt það sem hefði vantað fyrir þeirra barn og leikskólann.

BLÆR OG HJÁLPARBANGSARNIR

Stóri Blær er yfirleitt með í verkefnum og hjálpar til á mismunandi hátt. Þegar Blær kom í leikskólann í fyrsta sinn og börnin fengu litlu

bangsana í hendur, var það gert með sérstakri athöfn í leikskólunum. Í einum leikskólanna fóru börnin á pósthús og sóttu bangsana, í öðrum komu þeir með rútu, þrír í hverju sæti, vel spenntir í öryggisbelti, í þeim þriðja komu þeir í fylgd flugstjóra sem hafði flutt þá frá Ástralíu og svo framvegis. Leikskólarnir hafa hins vegar notað litlu bangsana á mismunandi hátt. Yfirleitt eru þeir bara með í *Vinátta*-tímunum, en stundum eru bangsarnir með allan daginn og einstaka sinnum fá þeir að fara með krökkunum heim. Flestir hafa útbúið sérstakar hirslur eða heimili fyrir litlu hjálparbangsana þar sem þeir geta hvílt sig og gist, eins og myndirnar sýna.

Blær getur komið að góðum notum í kennslunni, en hann hugar líka og styður krakkana ef á þarf að halda. Almenn ánægja er með hve auðvelt er að samþætta *Vináttu* vinnu með Barnasáttmálann. Í einum skólanum gáfu börnin böngsunum til dæmis nöfn, því samkvæmt sáttmálanum eiga allir rétt á að eiga sitt eigið nafn.

SAMRÆÐUSPJÖLD

Mest er unnið með spjöldin, enda er þar verið að vinna með tilfinningar og ræða aðstæður og samskipti sem koma upp hjá börnunum, en einnig meðal starfsfólks og foreldra. Á spjöldunum er bæði að finna dæmi um samskipti sem þarf að bæta, en ennig er þar að finna dæmi um jákvæð samskipti, hjálpsemi og vináttu.

Þegar óæskileg hegðun eða aðstæður koma upp í samskiptum barnanna geta starfsmenn gripið spjald sem samsvarar þeim aðstæðum og rætt við börnin á hlutlausan hátt. Börnin finna lausnir sem svo er hægt að heimfæra upp á raunverulegar aðstæður, án þess að þau börn sem í hlut eiga séu dregin í dílka.

Tilvísun starfsfólks og foreldra í *Vináttu* getur því verið mikill stuðningur þegar takast þarf á við ákveðnar aðstæður hjá börnunum.

NUDD

Allir elska nuddið – það skapar nánd og kennir börnunum að skiptast á, bíða og taka tillit hvert til annars. Það tengist einnig vel inn í hópastarfið. Foreldrar njóta þess að heyra hvað börnin hafa að segja um nuddið þegar þau eru spurð hvernig þeim líði, bæði þegar þau gefi og fái nudd. Lögð er áhersla á að börnin spyrji hvort þau megi nudda og þakki líka fyrir.

KLÍPUSÖGUR

Klípúsögurnar þykja mjög gagnlegar til að ræða ýmis atvik sem upp geta komið og hvernig hægt sé að taka á þeim. Klípúsögur eru til að nota á foreldrafundum og fundum með starfsfólki. Foreldrar hafa lýst ánægju sinni með klípúsögurnar.

HUGREKKI

Börnin hafa tekið sérstöku ástfóstri við orðið „hugrekki“ sem er eitt gilda *Vináttu*. Þau telja það mannkost að þora að stíga fram og eru stolt af því að vera hugrökk og brjóta upp neikvæða hegðun.

Foreldrar eru mjög jákvæðir með að *Vináttu*-verkefnið skuli vera tekið til notkunar í leikskólanum og þeir eru almennt forvitnir um það. Þeim þykir það falla vel að því sem er í gangi í leikskólunum. Margir þeirra vilja vita hvenær efnið verður innleitt í grunnskólum.



Sigríður Guðlaugsdóttir

REGLUR SEM KRAKKARNIR Á KIRKJUBÓLI SÖMDU UM HJÁLPARBANGSANA:

- Ekki henda bangsanum upp í loft
- Ef einhver hefur meitt sig, þá huggum við hann
- Ekki brjóta tré
- Stríðum ekki eða meiðum
- Ekki henda steinum í mann
- Vera góð hvort við annað
- Ekki henda dóti
- Leika saman
- Ekki meiða bangsann
- Vera vinur hans

DÆMI AF LEIKSKÓLUNUM:

Stúlka sem var mjög hlédræg og þurfti mikinn stuðning tók ástfóstri við Blæ sem hjálpaði henni að tjá tilfinningar sínar. Mikil breyting hefur orðið á hegðun stúlkunnar í samskiptum við hin börnin og verkefnið hefur hjálpað henni mikið.

Í einum leikskólanum kynnti tónlistarkennari söng um krabba sem býr í sjónum ásamt vinum sínum. Einn daginn var krabbinn veiddur í net og settur í pott, því það átti að elda hann og borða. Þegar komið var að því að setja krabbann í pottinn spurði einn 4 ára drengur „Hvar eru vinir hans og af hverju bjarga þeir honum ekki?“ Tónlistarkennarinn sagðist aldrei hafa fengið svona athugasemd áður.

Drengur sem átti gjarnan í átökum í samskiptum við aðra krakka hefur tekið miklum breytingum til hins betra eftir að vinna með *Vináttu* hófst.





VISSI EKKI AÐ ÉG VÆRI ÖÐRUVÍSI

*Selma Björk Hermansdóttir hefði viljað
Vináttu- verkefni Barnaheilla í leikskólann sinn*

Viðtal: Sigríður Guðlaugsdóttir

Myndir: Ásta Kristjánsdóttir og úr einkasafni Selmu

Förðun: Bára Alexandersdóttir

Selma Björk Hermansdóttir varð landsþekkt árið 2013, þá 16 ára gömul, eftir að hún sagði opinberlega frá einelti sem hún hafði verið lögð í vegna skarðs sem hún fæddist með í vör. Selma verður 18 ára í sumar og stundar nú nám við fjölbrautaskólann í Garðabæ. Hún heldur reglulega fyrirlestra um einelti í skólum ásamt föður sínum, Hermanni Jónssyni. Á

dögnum kom hún einnig fram í fyrsta sinn á TedX Reykjavík ráðstefnu í Hörpu þar sem hún ræddi áhrif eineltisins á líf sitt.

„Ég var á fimmta ári þegar ég byrjaði að taka eftir að mér var strítt og ég var látin finna að ég væri öðruvísi. Það lýsti sér þannig að ég var gjarnan skilin út undan og mátti ekki vera

með. Sérstaklega ekki þegar krakkarnir fóru í kyssustríðið, þar sem strákar eltu stelpur og kysstu þær og stelpurnar eltu svo strákana í sama tilgangi. En enginn elti mig. Ég var látin finna að þetta væri ekki leikur sem ég, með þessar varir, ætti að vera í. Ég skildi það ekki. Í mínum huga vorum við öll einstök, hver á sinn hátt. Ein stelpa var til dæmis dökk, einn strákurinn var með gleraugu og ég skildi ekki af hverju minn breytileiki væri eitthvað öðruvísi en þeirra.“

Þetta er fyrsta minning Selmu um eineltið sem átti eftir að vera einkennandi fyrir alla hennar skólagöngu. Og þessi fyrsta félagslega höfnun sat í henni. Hún gerði sér ekki grein fyrir að hún væri öðruvísi en hinir krakkarnir.

„Það er í raun furðulegt að það þurfi að kenna börnum umburðarlyndi, því auðvitað eigum við öll að vera samþykkt eins og við erum. Það á bara að vera hluti af samfélaginu okkar.“

Eitt af því sem var Selmu erfitt í leikskólanum var þegar eineltinu var vísað á bug og talað um stríðni sem væri eðlileg.

„Það var það sem ruglaði mig. Að eitthvað sem mér leið svona illa út af væri bara stríðni.“

Hún telur afar mikilvægt að hefja forvarnir strax í leikskóla. Að kenna börnum grundvallargildi í samskiptum; að bera virðingu fyrir margbreytileikanum, sýna umburðarlyndi og umhyggju, en umfram allt að hafa hugrekki til að brjóta upp einelti. Þessir fjórir þættir eru einmitt helstu gildin í Vináttu- verkefni Barnaheilla.

„Það hefði hjálpað mér svo ótrúlega mikið að hafa svona verkefni eins og Vináttu, því það var ekki verið að taka á eineltinu sem ég lenti í.“

HUGREKKIÐ MIKILVÆGAST

„Það þarf virkilega að vinna í þessu með hugrekkið á öllum skólastigum- að fræða og gefa börnum kjark til að þora að grípa inn í. Mér persónulega finnst alveg jafn ljótt að horfa upp á einelti og taka þátt í því. En flestir þora ekki að vera í liði með lúðanum sem verið er að lemja. Þeir þora ekki að gera sig að fífla. Ég man eftir atviki þar sem verið var að lemja mig og vinkona mín var í augnsambandi við mig og horfði bara á. Fyrir þann sem lendir í einelti skiptir svo miklu máli að þeir sem verða vitni að því hafi hugrekki til að grípa inn í og vera ekki þátttakendur.“

„Einu sinni varð ég líka vitni að ljótu einelti. Þá hafði strákur lamið höfði bekkjarfélaga míns ítrekað í skólaborð þannig að gleraugun

hans brotnuðu. Gerandinn lét sig hverfa þegar frímínúturnar voru búnar. Við vorum öll í sjokki, sérstaklega þegar strákurinn setti bara upp brotnu gleraugun aftur og lét eins og ekkert hefði gerst. Ég spurði hvort hann ætlaði ekki að segja frá, en hann neitaði og sagði að þá yrði hann bara laminn meira. Þá sagði ég: „Veistu, ég ætla að taka þá áhættu fyrir þig.“ Gerandinn var brjáláður og hótaði að lemja mig – sem eru auðvitað innantóm orð því hann var bara að reyna að upphefja sjálfan sig. En málið var síðan lagað á milli þeirra og þeir urðu ágætis vinir eftir þetta. Seinna þakkaði strákurinn mér fyrir það sem ég gerði og ég veit að ég breytti ótrúlega miklu fyrir hann þennan dag. Og það var bara út af hugrekki. Því ég þorði að vera lúðinn sem hjálpaði lúðanum.“

VIÐBRÖGÐ VIÐ EINELTI

Selma hefur lent í fjölmörgum birtingarmyndum eineltis. Hún hefur verið skilin út undan, lamin, kölluð öllum illum nöfnum og niðurlægð, ekki bara í eigin persónu heldur einnig á netinu.

Margir hvetja börn sem lenda í einelti til þess að gera ekkert í málunum. Að láta eins og eineltið eigi sér ekki stað því þá hætti það frekar. „Láttu þetta ekki pirra þig því þá hefur hann náð árangri,“ er gjarnan sagt.

„Ég hef aldrei skilið þessa aðferð. Ég gæti aldrei látið eins og ég heyrði ekki það sem verið væri að segja við mig eða að ég tæki ekki eftir því. Ég þarf að svara og gera eitthvað í málunum. En ég passa mig á að gera það fallega. Ef einhver segir til dæmis við mig að ég sé ljót. Þá segi ég; Æ það er leiðinlegt að heyra, mér finnst þú nefnilega svo fallegur. Þessi aðferð hefur reynst mér vel, að mæta hatri með ást. Ég veit líka að þeir sem láta svona eiga yfirleitt sjálfir eitthvað bág. Það eina sem virkilega særir mig í dag, er þegar yngri bróðir minn lendir í aðkasti út af mér. Einu sinni lenti hann í því að koma blóðugur heim eftir að strákur sem var fimm árum eldri lamdi hann af því hann átti svo ljóta systur. Það er bara alltof langt gengið. Í fyrsta lagi finnst mér óraunverulegt að ég, sem fæðist með lítið skarð í vör, skuli lenda í þessu. Hvað þá að bróðir minn þurfi að verða fyrir árás út af því.“

ERTU FÖTLUÐ?

„Þegar ég kom í grunnskóla þá versnaði þetta og árásirnar urðu grimmar. Krakkarnir sögðu að ég væri ljót og að ég væri fötluð, sem var ekki sagt í leikskóla. En í grunnskólanum var fólk virkilega orðið leiðinlegt. Mér fannst alltaf skrítið að vera kölluð fötluð. Einu sinni áttum við að skrifa ritgerð í skólanum um einhvern sem við þekktum sem væri með einhverja hömlun eða fötlun. Og ein stelpa skrifaði



um mig. Að ég væri með skarð í vör sem væri fötlun. Það fór alveg með mig. Þá fór ég að þæla í hvort ég væri í rauninni fötluð. Svo varð þetta algengara að krakkarnir segðu þetta við mig. Einn strákur spurði mig á Facebook hvort ég væri fötluð og þegar ég neitaði sagði hann að vörin mín væri fötluð. Það er verið að nota orðið fötlun yfir alltof margt og mér finnst það mjög gróft. Fólk þarf að passa sig, því það er bæði vankunnáttu og móðgun við þá sem eiga við alvöru fatlanir að stríða.“

FYRIRGEFNINGIN

Grein Selmu sem birtist á bleikt.is árið 2013 markaði tímamót í því hvernig henni leið með eineltið. Fram að þeim tíma hafði henni fundist hún ljót og misheppnuð en eftir þetta fór hún að átta sig á því að það voru mun fleiri á hennar bandi en þeir sem voru á móti henni.

„Það voru ótrúlega margir sem sendu mér skilaboð í gegnum Facebook og sögðu fyrirgefðu. Ég hitti líka stelpu sem var að vinna í búð og hún

bað mig afsökunar og sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. En samt hefur ekki helmingurinn af krökkunum sem lögðu mig í einelti beðið mig fyrirgefningar. En það skiptir mig kannski ekki öllu máli. Mér líður vel fyrir þeirra hönd þegar þau gera það og ég er búin að fyrirgefa þeim. En það breytir litlu fyrir mig og hvernig mér líður, því í dag er ég búin að byggja mig þannig upp að þau hafa ekki áhrif á mig – og þá virkar það á báða vegu. Ég er hamingjusöm og ætla að vera ég. Það er ekkert sem breytir því.“

Þegar talið berst að fyrirgefningunni og að þeim sem hafa beðið Selmu Björk afsökunar á eineltinu, minnst hún aðferðar sem gjarnan er notuð í skólum þegar einelti kemst upp. Þegar gerandinn er látinn biðja þann sem hann beitti einelti fyrirgefningar.

„Mér finnst þetta ótrúlega yfirborðskend aðferð til þess að taka á einelti og ég er nokkuð viss um að gerandinn meinar það ekki í öllum tilfellum. Oft eru þetta bara innantóm orð og

mér finnst sorglegt fyrir gerandann ef hann meinar það ekki. Ég hefði viljað sleppa því að vera sett í þessa stöðu. Því oft hélt eineltið áfram eftir „fyrirgefninguna“. Það hefði verið miklu betra ef skólinn hefði átt samtál við gerandann og foreldra hans sem hefði leitt til þess að hann áttaði sig á því hvað hann gerði og hegðun hans hefði breyst gagnvart mér. Það hefði verið miklu dýrmætara fyrir mig. Þeir sem lögðu mig í einelti hafa fæstir talað við mig síðan, en ég er samt löngu búin að fyrirgefa þeim. Ekki af því þeir eigi það skilið, heldur af því að ég á það skilið. Það var hins vegar tekið mjög vel á þessu í einkaskólanum sem ég fór í. Þar var sest niður með gerandanum í klukkutíma, svo með þólandanum í klukkutíma og svo var kallað á foreldrana og talað við þá. Það var mikill metnaður lagður í að komast til botns í málinu og að allir kæmust vel frá því. Líka gerandinn.“

AÐ VINNA MEÐ EINELTI

„Það þarf að byrja miklu fyrr að vinna að aukinni vitneskju barna um einelti þannig að þau viti hvað það er og taki ekki þátt í því. Aukið umburðarlyndi hjá krökkum, umhyggja, virðing og hugrekki eru svo nauðsynleg tól til að fyrirbyggja það. En það er líka mjög nauðsynlegt að tala við foeldrana. Það gerist ekkert ef þú talar bara við barnið því þetta snýst um samvinnu.“

Það sem Selmu finnst skipta máli er að foreldrar standi með barninu sínu og láti það finna að það sé í fyrsta sæti. Að því finnist aldrei eins og það sé að gera eitthvað vitlaust í þessum aðstæðum, því það sé ótrúlega vond tilfinning. „Það þarf líka að sýna barninu að það sé hlustað á það í alvöru. Því annars kemur barnið ekki til þín þegar eitthvað er að. Hinn fullorðni má heldur ekki verða reiður við að heyra það sem barnið er að segja frá. Því þá leitar það ekki til þín. Það er fullt af fullorðnu fólki sem ég hefði aldrei getað sagt frá eineltinu.“

Það er greinilegt á orðum Selmu að hún og pabbi hennar eru mjög nán. Hann hefur veitt henni mikinn stuðning. Feðginin tala oft saman og eru tengd sterkum tilfinningaböndum.

„Pabbi minn hefur áunnið sér fullkomið traust hjá mér og alltaf gefið mér þau skilaboð að ég geti leitað til hans og að hann hlustar. Þetta er ekki eitthvað sem hann hefur sagt, heldur það sem hann hefur sýnt í verki.“

„Og svo skiptir gríðarlega miklu máli að eiga einhvern að sem maður treystir fullkomlega fyrir því sem maður er að upplifa. Að eiga klett. Og það geta verið foreldrar eða vinir. Sumir eiga ekki foreldra, en kannski góða ömmu sem



þeir geta leitað til og hún verður þá kletturinn þeirra. Þetta er mjög nauðsynlegt. Að eiga einhvern sem segir þér að hann elski þig og að gerendurnir hafi ekki rétt fyrir sér. Ef ég tala við skólalastjórann, er hann kannski ekki að spá í hvernig mér líður og hvort ég trúi því sjálf að ég sé fötlud. Hann fer ekki svo djúpt tilfinningalega í málin svo það er nauðsynlegt að hafa einhvern sem fer þangað með þér.

Einhver sem fer ekki bara og öskrar á fólk og segir þeim að hætta, heldur þælir í tilfinningum þínum. Með svoleiðis samtölum byggir maður upp sterka sjálfsmynd. Og þegar maður þorir að tala um tilfinningar, þá hjálpar það manni á öllum sviðum lífsins. Þetta höfum við gert í fjölskyldunni og eitt er víst að ég hefði aldrei komist í gegnum þetta án hans pabba míns.“



Feðginin töluðu um einelti á TedX ráðstefnu í Reykjavík á dögumum



ÖMURLEG TILFINNING AÐ SJÁ BARNIÐ BEITT OFBELDI

Viðtal: Sigríður Guðlaugsdóttir

„Þegar Selma segir frá öllum þeim mörgu tegundum af einelti sem hún hefur orðið fyrir á fyrirlestrunum okkar, sýpur fólk stundum kveljur. Að vera slegin í hnakkann með spýtu af því hún átti það skilið, hún var svo ljót. Þegar nestisboxið hennar var opnað og mól hent yfir nestið. Að vera lamin. Að vera kölluð fötluð. Ég gæti haldið áfram. En allra versta eineltið var þegar vinkonur hennar brugðust henni og stungu hana í bakið. Það var erfiðast.“

Selma Björk var í móðurkviði þegar Hermann Jónsson fékk vitneskjuna um að dóttir hans væri með skarð í vör. Hann áttaði sig strax á því að hún myndi eiga á hættu að vera lögð í einelti og hóf að afla sér upplýsinga og undirbúa sig undir verkefnið.

Upplýsingar um börn með skarð voru hins vegar bæði af skornum skammti og illa aðgengilegar. Það var ekki fyrr en litla fjölskyldan flutti til Danmerkur, þegar Selma var níu mánaða, að hjúkrunarfræðingur kom í heimsókn með möppu þar sem í var að finna alls kyns upplýsingar um börn með skarð.

„Þetta voru ekki bara upplýsingar um skarðið, heldur einnig um félagslega þáttinn. Hvar þyrfti að styrkja barnið og hvað þyrfti að passa uppá. Þessar upplýsingar hefði maður þurft að fá svo miklu fyrr. Fyrst varð maður auðvitað lafhræddur við tilhugsunina um einelti, en svo áttaði maður sig á því að maður þyrfti virkilega að byrja að vinna í málunum. Vera viðbúinn, hvort sem einelti yrði að veruleika eða ekki.“

Hermann lagði strax áherslu á að það þyrfti

að byggja upp sterkan einstakling. Einstakling sem kynni að takast á við einelti, gæti unnið úr því og nýtt sér það til góðs svo hann myndi þroskast og dafna sem manneskja. Fjölskyldan dvaldi 10 ár í Danmörku og það leið ekki á löngu þar til fór að bera á einelti í leikskóla.

„Ég varð fyrst var við óhamingju þegar Selma kom heim úr leikskólanum og sagði frá því sem krakkarnir voru að segja við hana. Þó svo að orðið einelti hafi ekki komið upp í hugann strax, fór maður fljótlega að skynja að það var ákveðið mynstur í gangi. Hún var öðruvísi og fékk að heyra það. Ég hafði aflað mér það mikillar vitneskju um einelti að ég gerði mér grein fyrir því að þetta gæti verið byrjunin. Leikskólinn brást ekki nógu vel við. Viðbrögðin voru þau að þetta væru bara krakkar og þau væru að læra og þroskast. Þetta væri bara stríðni. Ég var mjög ósáttur við þetta, því mín skoðun er sú að krakkar þurfi einmitt að fá grunnfræðslu um mannleg samskipti í leikskóla. Þá fræðslu og reynslu taka þau svo með sér á næsta skólastig.“

Hermann tekur dæmi um líkamlegt ofbeldi hjá börnum sem sé yfirleitt gripið inn í. Gerandinn sé tekinn og honum sagt að ekki megi meiða aðra. Það sé ekki alltaf gert þegar krakkar „stríði“ með orðum. Enginn munur sé hins vegar á líkamlegu og andlegu ofbeldi, því bæði skapi vanlíðan.

FORELDRAR ERU LYKILLINN

„Foreldrar þurfa að taka fullan þátt í forvörnum og tileinka sér ákveðna hugmyndafræði inni á heimilum. Þeir þurfa líka að átta sig á því að

þótt barnið þeirra sé ekki sjáanlega öðruvísi en önnur börn, geti það lent í einelti. Þótt það sé vel heppnað. Til að fyrirbyggja einelti þarf að veita börnum fræðslu og foreldrarir gegna lykilhlutverki í því ferli.“

Þá opni reglulegar samræður milli barna og foreldra farveg fyrir tjáningu barna, sem sé afar mikilvæg þegar eitthvað kemur upp. „Með því að skapa traust á þessu sviði auðveldar þú þeim að leita til þín þegar - og ef - eitthvað kemur upp. Það er fullt af einelti í gangi sem ekki kemur upp á yfirborðið og kennarar verða ekki varir við. Barnið getur verið í þeirri stöðu að vera einangrað og líða rosalega illa án þess að nokkur átti sig á því. Margir foreldrar virðast halda að þeim verði alltaf sagt ef einelti komi upp hjá barninu þeirra, eða að þeir sjái það. En það er því miður ekki alltaf þannig.“

OFURÁHERSLA Á SJÁLFS-TRAUST, EKKI SJÁLFSÁLIT

„Á Íslandi er ofuráhersla lögð á sjálfstraust. Ég skilgreini það sem ytra stýrikerfið þar sem þú færð hrós fyrir dugnað eða að vera flottur. Sjálfsálitið snýst hins vegar um grunninn og hvernig manni líður með sjálfum sér. Þetta eru ytra og innra stýrikerfi. Innra stýrikerfið, sem snýst um samkennd, tilfinningagreind, samhygd og umburðarlyndi, fær ekki nógu mikla athygli. Við Íslendingar eigum erfitt með að tjá tilfinningar okkar. Við erum svo lokuð, svo dugleg, hörð og miklir naglar. Við vinnum og þénnum og erum æðisleg og frábær. En okkur líður kannski ömurlega inni okkur og getum ekki sagt það.“

„Börnin okkar verða að fá að heyra að foreldrarir séu mannlegir. Að mamma og pabbi séu líka með tilfinningar. Þau geta bæði grátið ef þeim líður illa og þau eru ekki minni manneskjur við það. Til að geta sett sig í spor annarra er nauðsynlegt að börn upplifi þessa hluti hjá öðrum. Ef þú byrgir tilfinningar inni þér og keyrir alltaf á dugnaðinum, hvort sem það er í íþróttum, skóla eða vinnu, þá keyrirðu þig áfram á ytra stýrikerfinu. Fyrir mér er það uppskrift að katastrofu, því það endar yfirleitt með hruni. Það er bara spurning um hvenær. Við þurfum að leggja meiri áherslu á innra stýrikerfið, sjálfsálitið og tilfinningarnar.“

AÐ MÆTA HATRI MEÐ ÁST

Þegar Selma var lítil áttaði Hermann sig á því að hann þyrfti sjálfur að verða sú manneskja sem hann vildi að dóttir hans yrði. Það voru ákveðin gildi sem hann vildi fyrir dóttur sína sem myndu skilgreina hana sem einstakling. Hann væri fyrirmyndin og þyrfti að ala sig upp á nýtt. Þannig skapaði hann svokallaða

„manneskjusýn“ sem er lýsing á þeim gildum sem hver og einn hefur. Því næst skoðaði hann þau gildi hjá sjálfum sér og vann að því að verða sú manneskja.

„Og þá er ég ekki að tala um ytri gildi, eins og að hún verði læknir, bankastjóri, rík eða fræg. Ég vil bara að þegar ég verði gamall og grár og hún kemur að heimsækja mig, þá verði ég að springa úr stolti yfir þessari tegund af manneskju sem hún er. Þessi gildi, sum sem ég er enn að reyna að tileinka mér, hafa börnin mín í dag náð að tileinka sér fullkomlega. Þau hafa tekið fram úr mér og mér finnst það alveg meiriháttar tilfinning.“

Manneskjusýn Hermanns var stundum það eina sem hann gat notast við þegar eineltið var orðið alvarlegt.

„Á erfiðum stundum spurði ég sjálfan mig hvernig ég myndi bregðast við ef ég væri búinn að ná þessu eða hinu markmiðinu. Ég vildi vera það sterkur að geta brugðist við hatri með ást. Að ég gæti sagt þegar einhver segði við mig að ég væri ömurlegur, að mér fyndist hann frábær. Selma er nú þegar búin að ná þessu.“

REIÐIN HJÁLPAR EKKI

„Það er ömurleg tilfinning að horfa upp á barnið sitt vera lagt í einelti. Skelfileg. Ég hef alltaf lagt áherslu á að vera sterkur sem pabbi þegar Selma kemur grátandi heim út af einelti. En það er miklu auðveldara að verða reiður. Reiðin hjálpar henni hins vegar ekkert á þeim tímamarki. Þá þarfnast hún þess að ég taki utan um hana og láti hana finna að hún sé elskuð. Að á hana sé hlustað og að hún fái alla mína athygli. Að styðja hana er mitt eina hlutverk á þeirri stundu. Ég rýk ekki út og fer að skammast í barninu, skólanum eða foreldrum barnsins. Því þegar við erum í tilfinningunni, reið og æst, tökum við ekki góðar ákvarðanir og allir fara í vörn, sem eru ósjálfráð viðbrögð. Þannig næst heldur enginn árangur. Við þurfum að ná okkur niður og tala saman af skynsemi þegar við erum búin að ná okkur niður og getum haldið ró okkar.“

„Töfralausnin sem mér hefur þótt árangursríkust er að nota „við“ aðferðina. Ég tala við foreldrana daginn eftir og segi að eitthvað hafi komið upp á milli barnanna okkar. Hvað getum VIÐ gert til að hjálpa börnunum okkar. Þetta þarf að vera lausnarmiðuð umræða, ekki ásakanir. Gerendur í eineltismálum eru gjarnan einstaklingar sem líður ekki vel. Þeir þurfa oft jafn mikla aðstoð og þeir sem lenda í eineltinu.“

Að vera foreldri barns sem lendir í einelti

tekur á. Foreldrar geta burðast með alls konar tilfinningar út af því sem barnið lendir í og þurfa að vinna úr þeim.

„Ég tek fullt af tilfinningum inn í þetta ferli og hef leitað mér aðstoðar hjá sálfræðingi. Það er eitt það besta sem ég hef gert. Það er oft sagt að börn sem lenda í einelti þurfi sálfræðihjálp. En ég segi að það sé ekki minna mikilvægt fyrir foreldrana að leita sér aðstoðar. Þetta er líka erfitt fyrir þá og þeir geta grátið og verið sorgmæddir út af eineltinu alveg eins og börnin.“

„Þegar hún kemur heim eftir að vera slegin í hnakkann með spýtu. Heldurðu að mann langi ekki út að gera eitthvað? Mann langar það auðvitað. En þarna kemur styrkur foreldra í ljós. Þetta fjallar ekki um tilfinningar þínar, heldur barnsins. Því á þessum tímamarki skiptir ekki máli hver gerði hvað.“

STAÐAN Í DAG

Þegar eineltið hjá Selmu byrjaði í leikskóla var það stundum vegna einlægra athugasemda barnanna sem vissu oft ekki að þau væru að meiða með orðum sínum. Það versnaði svo í grunnskóla þegar krakkarnir orðu stærri og eldri.

„Versta tímabilið var þegar hún varð táníngur og stelpurnar fóru að spá í stráka. Samkeppnin á milli stelpnanna getur verið svo hörð og gengið út á að upphefja sjálfa sig með því að niðurlægja aðra. Selma varð oft fyrir valinu við þær aðstæður.“

Í dag hefur eineltið minnkað og það hefur breyst. Eftir að Selma steig fram opinberlega

óttast margir að nafnið þeirra komi fram og hika því við að ráðast að henni.

„Hún heyrir meira núna að hún sé athyglissjúk, eða eitthvað á borð við: „Hættu þessu væli í fjölmiðlum og sættu þig bara við hvað þú ert ljót.“ Það eru alltaf einhver skot, en þetta hefur skánað mikið.“

ÞÁTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI STÓRLEGA ÁBÓTAVANT


Fyrirlestrar Hermanns í skólum ganga út á að vekja foreldra til meðvitundar um ábyrgð þeirra. Þegar hann er spurður hvað sé besta verkfærið gegn einelti, er svarið alltaf það sama:

„Það eru foreldrar. Því miður er staðan þannig í dag að foreldrar á Íslandi hafa ekki nægilega mikinn áhuga á skólanum, öfugt við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Þeir mæta ekki á fundi og aðeins örfáir sýna áhuga á því sem er í gangi í skólanum. Hinir bera önnur og álagi fyrir sig. Á foreldrafundum íþróttafélaganna er oft miklu betri mæting. Þetta er spurning um forgangsöröðun.“

„Í þessu samhengi finnst mér áhugavert að heyra þegar foreldrar segja að barnið þeirra hafi engan áhuga á skólanum, nenni ekki að mæta og þeir séu ráðalausir. Þegar ég spyr hvort foreldrið sýni skólanum áhuga með því að mæta á fundi, kemur yfirleitt í ljós að svo er ekki. Getur verið að það sé samhengi þarna á milli?“

Hermann hefur ákveðin skilaboð til foreldra um að setja uppeldið og börnin í forgang og að setja sér markmið. Metnaður sé mikilvægur á öllum sviðum, en metnaður fyrir börnunum sé mikilvægastur.

„Ég man þegar ég varð pabbi, þá ætlaði ég að verða besti pabbi í heimi. Ég held að flestir ætli sér það, en svo tekur lífið við. Þrátt fyrir það er alveg ótrúlega mikilvægt að gleyma ekki þessu markmiði og hugsa hvað maður vill með uppeldinu. Ég er foreldri með markmið og er enn að vinna í þessu meðal annars með því að vera góð fyrirmynd, því með athöfnum okkar sendum við svo sterk skilaboð til barnanna. Þetta er ekki flóknara en það.“



Af hverju er **KFC**

SVO



gott?

Gamla
leyniuppskriftn
frá Kentucky

Við notum **fyrsta flokks**
hráefni frá íslenskum
kjúklingaframleiðendum.

Við notum **ferskt** og
heilnæmt grænmeti frá
íslenskum grænmetisbændum.

Allt þetta frábæra hráefni er
eldað á staðnum samkvæmt
ströngustu gæðastöðlum KFC.



KFC
SVOOOGOTT™



HLUSTUM OG SPYRJUM HVORT OFBELDI SÉ Á HEIMILINU

Hvaða vitneskju hafa börn og unglingar um heimilisofbeldi? Hvernig bregðast þau við því og hvaða áhrif hefur það á börn að búa við slíkt ofbeldi? Hvernig finnst börnum samfélagið bregðast við? Hvað segja prentmiðlar um heimilisofbeldi og hvað er til ráða?

Leitað er svara við þessum spurningum í bókinni *Ofbeldi á heimili með augum barna*.

Á síðari árum hefur heimilisofbeldi nokkuð verið rannsakað meðal fullorðinna hér á landi, en sérstaða bókarinnar felst í þátttöku grunnskólabarna hér á landi í að rannsaka hugmyndir, vitneskju, viðhorf og eigin reynslu þeirra af heimilisofbeldi. Bókin byggir á fjórum rannsóknum, en efnið hafði ekki áður verið kannað meðal almenns hóps barna.

Niðurstöður bókarinnar um hugmyndir barna og unglunga um heimilisofbeldi byggja á könnun sem lögð var fyrir rúmlega 1100 börn í 4. – 10.

bekk grunnskóla. Þær sýna að grunnskólabörn hér á landi og sérstaklega unglingar þekkja almennt vel til þessa. Mörg geta útskýrt hvað felst í orðinu og þau leggjast gegn ofbeldinu.

Börnin svöruðu meðal annars spurningum um hvort þau þekktu einhvern sem hefði orðið fyrir heimilisofbeldi. Um fjórðungur svaraði þessu játandi. Hærra hlutfall barna með slíka vitneskju telur að bæði karlar og konur verði fyrir ofbeldi á heimili. Unglingar með þessa reynslu álfta ofbeldi á heimili almennt algengara en aðrir unglingar. Erfitt er að meta hvort börn sem svöruðu játandi hafi sjálf orðið fyrir ofbeldi. Ef návígið við slíkt athæfi er mikið má jafnvel líta á slíka vitneskju sem reynslu af ofbeldi. Þá veður kynjamunur í svörum unglunga athygli en stúlkur virðast fróðari um ofbeldið og telja það algengara en drengir. Algengast er að börnin hafi heyrt um heimilisofbeldi í fjölmiðlum og í skólanum, en erfitt er að geta sér til um inntak þeirrar umfjöllunar. Því er mikilvægt að ræða um



Bókin hefur vakið athygli sem frumkvöðlaverk og hlaut Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna og viðurkenningu Hagþenkis, félagsfræðibókahöfundu.

ofbeldi á heimilum sem og í skólum og tryggja gæði umræðunnar. Auk beinnar fræðslu getur markviss umræða auðveldað börnum sem kunna að búa við ofbeldi að takast á við það. Fræðimenn benda á að með aukinni fræðslu megi draga úr umburðarlyndi gagnvart ofbeldi. Æskilegt er foreldrar ræði við börn sín og

útskýri um hvað heimilisofbeldi snýst þegar tilefni er til.

Reynsla barna og mæðra sem bjuggu við langvarandi ofbeldi á heimilum sýna að ofbeldið hafði margvíslegar afleiðingar á borð við veikindi, ótta, svefntruflanir og einangrun, svo fátt eitt sé nefnt. Fjallað er ítarlega um birtingarform ofbeldisins, bæði með vísan til rannsókna og til þess hvað börn og mæður segja um áhrifin. Kemur fram að þau telja að andlegt ofbeldi geti verið hvað verst. Börn sem búa við ofbeldi á heimili verða bæði beint og óbeint áskynja um það. Áhrif þess að verða sjálfur fyrir ofbeldinu og að verða vitni að því eru nú lögð að jöfnu og geta þau verið alvarleg og langvarandi. Nánast allir viðmælendur höfðu losnað úr þessum hörmulegu aðstæðum þegar rætt var við þá. Athugun á líðan unglunga í skóla á meðan á ofbeldinu stóð heima fyrir sýndi að skólinn var þeim gríðastaður en vanlíðan þeirra var mikil þó að þau létu yfirleitt ekki á neinu bera þar.

Loks sneri ein athugun að umfjöllun prentmiðla um heimilisofbeldi. Hún sýndi ólíkar tegundir

orðræðu og að lítið var fjallað um aðstæður og stöðu barna. Algengust voru skrif um kynferðisofbeldi gegn stúlkubörnum. Þau gefa skakka mynd þar sem vanræksla er samkvæmt tölfræði algengasta form illrar meðferðar á börnum hér á landi.

Hvað er til ráða í baráttunni gegn þessum mannréttindabrotum? Skorað er á fagstéttir sem starfa með börnum og fjölskyldum í þessum aðstæðum að sýna meira frumkvæði og stuðning. Út frá viðtölunum má álykta að talsvert vanti á stuðning skóla við börn og unglunga sem og fagaðila á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu og í menntakerfinu. Úttektir á leiðum til að bregðast við heimilisofbeldi liggja ekki fyrir hér á landi, en í erlendri umfjöllun bera hæst ábendingar um snemmtæk úrræði, svo sem fræðslu og virk viðbrögð fagstétta á vettvangi. Nefna má að breskar rannsóknir á skólaforvörnum gegn heimilisofbeldi sýna að bestur árangur næst ef fræðslan er á skólanámskrá. Samhent þverfaglegt teymi kennara af báðum kynjum þarf að sinna henni og skýrt þarf að koma fram að heimilisofbeldi er kynbundið og felur í sér misrétti. Þá er

athyglisvert að breytt vinnulag, þar sem mæður sem leituðu aðstoðar og starfslið í barna- og heilsuvernd var markvisst spurt hvort heimilisofbeldi væri fyrir hendi, leiddi til aukningar á frásögnum og tilkynningum um það.



Guðrún Kristinsdóttir, prófessor, hefur setið í stjórn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um árabil. Hún er ritstjóri og einn höfunda bókarinnar.

Við ♥ lífrænt



♥ án rotvarnarefna ♥ enginn viðbættur sykur



MUN EINHVER HLUSTA?

Heimilisofbeldi viðgengst og hefur verið til frá örófi alda. Víða um heim er heimilisofbeldi álitð einkamál fjölskyldunnar og óviðkomandi öðru fólki. Áður en „barnavernd“ ruddi sér til rúms hér á landi með barnaverndarlögum árið 1932 þótti ofbeldi gagnvart börnum jafnvel ekkert tiltökumál. Mörg börn voru á heimilum sínum beitt harðræði í uppeldisskyni.

Öll viljum við geta litið á heimilið sem griðastað sem veitir öryggi og ró. Þannig er því ekki farið á heimilum þar sem annað eða báðir foreldrarir beita ofbeldi. Þá er heimilið jafnvel hættulegasti staðurinn að vera á.

Ofbeldi getur verið andlegt, líkamlegt og kynferðislegt. Sá sem beitir fjölskyldu sína ofbeldi eirir stundum engum fjölskyldumeðlimi og gildir þá einu hvort um sé að ræða ung börn eða fullorðna heimilismenn. Þótt ofbeldinu sé ef til vill ekki beint að börnunum á heimilinu fara þau ekki varhluta af því. Börnin verða nánast undantekningalaust vitni að því með einum eða öðrum hætti. Þau eru næm á tilfinningalegt ástand foreldra sinna og skynja vel óttablandið andrúmsloft heimilislífs þar sem ofbeldi viðgengst. Við slíkar aðstæður ríkir óstöðugleiki á heimili og viðvarandi óvissa um hvort vænta megi ofbeldisupþakomu í dag, á morgun, á jólum eða páskum. Skaðsemi þessara aðstæðna er iðulega mikil og djúpstæð. Líkamlegur skaði grær ef til vill að mestu en hinn sálræni getur varað ævilangt.

Þar sem heimilisofbeldi viðgengst er grunnþörfum barna oft ekki nægjanlega sinnt. Líf þess foreldris sem ofbeldið beinist að gengur gjarnan út á að friðþægja ofbeldisaðilann, reikna út atferli hans og finna leiðir til að verja sig og börnin. Áhrif þess að búa við langvarandi óöryggi á heimili grefur undan trausti barns og trú þess á sína nánustu sem umönnunaraðila.

Mörg neyðast til að kveðja barnæskuna og fara að „bjarga sér“ löngu áður en þroski leyfir. Eldri systkini fara að taka ábyrgð á þeim yngri og reyna að veita þeim skjól. Sum börn leggja sig jafnvel í hættu við að verja það foreldri sem verður fyrir ofbeldinu. Mörg börn á ofbeldisheimilum eru farin að sinna heimilisverkum þótt þau hafi hvorki aldur né þroska til.

Önnur hlið slæmra afleiðinga heimilisofbeldis á börn er að þau telja mörg hver að ofbeldið hljóti að vera þeim að kenna, jafnvel vegna þess að þau hafi ekki verið nógu góð. Þau velta fyrir sér hvernig þau geti verið betri eða hvað þau geti gert til að stöðva ofbeldið.

Á ÉG AÐ ÞORA AÐ SEGJA FRÁ?

Barn sem býr við heimilisofbeldi þar sem foreldri er gerandi er síður líklegt til að segja frá ofbeldinu en ef gerandinn er utan fjölskyldunnar. Ástæðan er meðal annars sú að börnin upplifa oft skömm. Umhugsunarferlið hvort segja eigi frá er ekki einungis langt, heldur líka flókið og óttablandið. Barnið veitir vöngum yfir hverjum sé helst treystandi og hver sé líklegastur til að hjálpa af þeim sem það þekkir. Með því að segja frá finnst barninu oft einnig eins og það sé að svíkja það foreldri sem beitir ofbeldinu. Börn elska iðulega báða foreldra sína, líka það sem beitir ofbeldi. Viðkomandi á eins og aðrir sínar góðu hliðar. Barn sem hugsar hvort það eigi að þora að segja frá heimilisofbeldinu spyr sig kannski: Hvað ef enginn mun trúa mér? Hvað ef ekki er hægt að gera neitt? Hvað ef ofbeldið mun bara versna? Og er þá ekki bara betra að eiga þetta vonda leyndarmál eitt?

Það er alvarlegt þegar barn hefur safnað kjarki til að segja einhverjum sem það treystir frá heimilisofbeldi ef ekki er hlustað eða tekið mark á því. Ástæður fyrir því að upplýsingar á borð við þessar séu hunsaðar geta verið

margar. Einhver kann að ímynda sér að þetta sé leið barnsins til að fá athygli. Hafi sá sem sagður er beita ofbeldinu ávallt gefið af sér góða mynd er erfitt að trúa að hann eigi til slíka hegðun. En staðreyndin er einmitt sú að margir sem beita ofbeldi á heimilum sínum, sýna fyrirmyndarhegðun út á við. Einhverjir kunna að álíta að lýsingarnar séu stórlega ýktar og reyna þá jafnvel að réttlæta ofbeldishegðunina. Aðrir sem ákveða að líta í hina áttina eða beita þöggun vita einfaldlega ekki hvernig þeir geta mögulega hjálpað.

FAGLEG UMRÆÐA OG FRÆÐSLA

Með aukinni vitundarvakningu og almennri umræðu hefur samfélagið í ríkara mæli orðið meðvitaðra um heimilisofbeldi. Margir sem álita að heimilisofbeldi væri einkamál fjölskyldunnar eru ekki lengur þeirrar skoðunar. Með opinni umræðu heyrja börn sem búa við heimilisofbeldi að vandinn er ekki einskorðaður við þeirra heimili. Með áframhaldandi umræðu á faglegum grunni fá börn sem búa við



Frá stofnun samtakanna hafa Barnheill – Save the Children á Íslandi lagt áherslu á að vernd barna gegn hvers kyns ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa gefið út nýjan bækling með upplýsingum um málefnið.

heimilisofbeldi aukna von um að segi þau frá muni fjölskyldan fá hjálp. Þannig getur umræða og fræðsla orðið til þess að barn segi fyrr frá ástandinu á heimilinu en ella. Mestu skiptir að barnið geti treyst því að segi það frá, muni það verða til góðs fyrir það og fjölskyldu þess.

Það er áskorun fyrir þá sem umgangast og vinna með börnum að bregðast ekki trausti þeirra á ögurstundu. Ekki nægir alltaf að heyra bara orðin heldur er mikilvægt að veita einnig öðru tjáningarformi athygli, svo sem svipbrigðum, líkamsmáli og atferli. Jafnframt þarf að hafa vakandi auga fyrir óútskýrðum breytingum á útliti, líðan og hegðun.

Búi einhver yfir vitneskju um heimilisofbeldi en viti ekki hvernig bregðast skal við er ávallt hægt að hafa samband við barnavernd eða lögreglu í viðkomandi sveitarfélagi. Að lokum er vert að minna á lagaákvæði um tilkynningarskyldu sem kveður á um að hverjum manni sé skylt að gera barnavernd viðvart ef ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður.



Kolbrún Baldursdóttir



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Börnum sem búa við
heimilisofbeldi líður
mjög illa.

TILKYNNING TIL BARNNAVERNDARAR ER BEIÐNI UM AÐSTOÐ, EKKI KÆRA

Margir líta svo á að eitt það versta sem geti gerst í lífi foreldra sé að vera tilkynntir til barnaverndarnefndar. Með því sé því lýst yfir að foreldri eða aðstandandi sé ekki fær um að sinna hlutverki sínu gagnvart barni og því fylgi fordæming og skömm.

Það er ákaflega mikilvægt að minna á með reglubundnum hætti hver tilgangur með lagalegri tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar er. Tilkynning er ekki kæra, heldur beiðni um að barni og fjölskyldu þess verði veitt aðstoð.

Tilkynnandi kann að hafa hugboð um að barn sé í aðstæðum sem eru ekki góðar fyrir það, það fái ekki þann stuðning og atléti sem nauðsynlegt er til að það þroskist og mikilvægt sé að koma því til aðstoðar. Það er

því af umhyggju fyrir barninu, en ekki af óvild við foreldrana sem langflestar tilkynningar berast til barnaverndarnefnda. Tilkynning til barnaverndarnefndar er ekki dómur yfir frammistöðu aðstandenda barnsins. Við skyldum miklu fremur einblína á að barni berist aðstoð í aðstæðum sem taldar eru á einhvern hátt óheppilegar eða óheilbrigðar barninu. Hér skyldi ekki einblínt á það við hvern sé að sakast, heldur að aðstæður hafi þróast á þann veg að gera þurfi ráðstafanir til að koma barninu og fjölskyldu þess aftur á sporið.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa það að markmiði að stuðla að bættum hag barna og fjölskyldna þeirra og að hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu. Barnaheill líta á það sem hlutverk sitt að tala máli barna og

hvetja því samfélagið allt til að líta jákvæðum augum á þau tækifæri sem geta falist í að vera veittur stuðningur frá barnaverndarkerfinu.

Við vitum það öll sem reynt höfum, að það er ekki leikur einn að ala upp barn. Við erum misjafnlega sett hvað varðar félagslega, fjárhagslega eða heilsufarslega stöðu. Sumir hafa óþétt stuðningsnet og geta illa fengið aðstoð í uppeldishlutverki sínu. Sá stuðningur sem býðst þegar starfsfólk barnaverndarnefndar gerir vart við sig ætti vitanlega að þykja kærkominn og opna leiðir að nýjum tækifærum til að skapa barni gott og heilbriggt líf.



Bóra Jónsdóttir

Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

Reykjavík

A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
 A. Wendel ehf, Tangarhöfða 1
 A1 máluun ehf, Álfageisla 7
 AB varahlutir ehf, Funahöfða 9
 Aðalmálin ehf, Berjarima 36
 Aðalverkstæði ehf, Malarhöfða 2
 Aðalvík ehf, Ármúla 15
 Afreksvörur, Álfheimur 74
 Analytica ehf, Siðumúla 14
 ASK Arkitektar ehf, Geirsgötu 9
 Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
 Álnabær ehf, verslun, Siðumúla 32
 Árbærjapótek ehf, Hraunbæ 115
 Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
 Ásbjörn Ólafsson ehf, Köllunarklettisvegi 6
 Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica, Egilsgötu 3
 Bati - sjúkrahjálfun ehf, Kringlunni 7
 Betra púst ehf, Skógarhlíð 10
 Bifreiðaverkstæði Svans ehf, Eirhöfði 11
 Birtingur ehf, Stígahlíð 51
 Bílabúð Benna ehf, Vagnhöfða 23
 Bílalíf, bílasala, Kletthálsi 2
 Bílasmiðjunn hf, Bildshöfða 16
 Blikksmiðjan Glófaxi hf, Ármúla 42
 Blossi ehf, Dvergshöfða 27
 Bonafide lögmennt ráðgjöf sf, Klapparstíg 25-27
 Bókhalddsstofa Haraldar sif, Siðumúla 29
 Bókhalddsþjónustan Víðvík ehf, Siðumúla 1
 Bókhalddsþjónustan Vík, Siðumúla 12
 Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
 Brekkuborg sf, Krókavaði 6
 BSRB, Grettisgötu 89
 Búálfurinn, Lóuhólum 2-6
 CATO Lögmenn, Katrínartúni 2
 Danica sjávararúðir ehf, Suðurgötu 10
 Dansrækt JSB ehf, Lágúla 9
 Eðalbilur ehf, Fosshálsi 9
 Efling stéttarfélag, Sættúni 1
 Efnamóttakan hf, Gufunesi
 Eignamiðlunin ehf, Grensásvegi 11
 Elmír-teppaþjónusta ehf, Hraunbæ 62
 Ernst & Young ehf, Borgartúni 30
 Fasteignasalán Húsið, Malarhöfða 2
 Fasteignasalán Píngholt ehf, Klapparstíg 5, jarðhæð
 Fastus ehf, Siðumúla 16
 Ferðaskrifstofan VITA, Skógarhlíð 12
 Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Skúlagötu 19
 Fiskafurðir-umboðssala ehf, Fiskilóð 5-9
 Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
 Fjallamenn-Mountaineers of Iceland, Skútuvogi 12e
 Framvegis-miðstöð simenntunar, Skeifunni 11b
 Fuglar ehf, Katrínartúni 2
 Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14
 Gallerí Fiskur, Nethyl 2
 GB Tjónaþjónusta ehf, Draghálsi 6-8
 Gistihúsið Víkingur ehf, Þverholti 20
 Gluggasmiðjan ehf, Viðarhöfða 3
 Gnýr sf, Stallasel 3
 Guðmundur Arason ehf, smiðjám, Skútuvogi 4
 Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
 Gull og silfur ehf, Laugavegi 52
 Gullsmiðjunn í Mjódd, Álfabakka 14b
 Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
 Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu 1
 Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn, Bildshöfða 18
 Hamraskóli, Dyrhömrum 9
 Heimili ehf-fasteignasala, Suðurlandsbraut 22
 Henson sports, Brautarholti 24
 Hjólastillingar ehf, Hamarshöfða 3
 Hljóðbók.is-hljóðvinnslan, Ármúla 7b
 Hnit, verkfræðistofa hf, Háaleitisbraut 58-60
 Hollt og gott ehf, Fosshálsi 1
 Hótel Frón ehf, Laugavegi 22a

Hreyll, Fells múla 26
 Hugmót ehf, Jakaseli 16
 Húsali sf, Nethyl 2
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 IBH ehf, Bildshöfða 18, bakhús
 Intellecta ehf, Siðumúla 5
 Invent Farna ehf, Lágúla 9
 Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
 J. S. Gunnarsson hf, Fosshálsi 10
 JP Lögmenn ehf, Katrínartúni 2, Höfðatorgi
 K:R:S:T Lögmenn, Hafnarhúsinu
 Tryggvagötu 11
 Kerfisþróun Ísland ehf, Siðumúla 28
 Kjaran ehf, Siðumúla 12-14
 Kjøreign ehf, fasteignasala, Ármúla 21
 Kjörhöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
 Knattspyrnufélagið Fram, Safamyri 26
 Kolibri ehf, Laugavegi 26
 Kortþjónustan hf, Kletthálsi 1
 Kvikk Þjónustan ehf, Vagnhöfða 5
 Lambakjöt.is, Bændahöllinni Hagatorgi 1
 Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
 Landssamtök lífevissjóða, Sættúni 1
 Landvemd, Þórunnartúni 6
 LC Ráðgjöf ehf stjórnumar- og rekstrarráðgjöf, Suðurlandsbraut 48
 Le Bistro-franskur bistro & vínbar, Laugavegi 12
 Lífandi visindi, Klapparstíg 25
 Litla Bílasalan ehf, Eirhöfða 11
 Litla jólabúðin, Laugavegi 8
 Ljúfmetisverslunin Búrið, Grandagarði 35
 Loftstokkahreinsun.is, s: 893 3397, Garðhúsum 6
 LÓ lögmennstofa ehf, Barónsstíg 21
 Lögfræðisþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl., Sigtún 42
 Lögmennafélag Íslands, Álfamyri 9
 Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 115
 Löndun ehf, Kjalavogi 21
 Magnús og Steingrímur ehf, Bildshöfða 12
 Martec ehf, Blönduhlíð 2
 MediaCom Íslandi ehf, Kringlunni 4-6
 Melaskóli, Hagamel 1
 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sólhvölsögötu 4
 Menntaskólinn við Hamrahlið, Hamrahlið 10
 Myconceptstore, Laugavegi 45
 Nasdaq Iceland, Laugavegi 182
 Nauthóll bistro, Nauthólsvégi 106
 Next, Kringlunni 4-12
 Nínukot ehf - Vinna um víða veröld, Siðumúla 13
 Nonnabí, Hafnarstræti 11
 Núi-Sírius hf, Hesthálsi 2-4
 Nýi tónlistarskólinn, Grensásvegi 3
 Nýi okuskólinn ehf, Klettagörðum 11
 Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vinlandsleið 16
 Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
 Ortis tannréttingar sif, Faxafeni 11
 Ósal ehf, Tangarhöfða 4
 Páll V Einarsson sif, Háaleitisbraut 41
 Pfaff hf, Grensásvegi 13
 PG Þjónustan ehf, Viðarhöfða 1
 Pixel ehf, Ármúla 1
 Poulsen ehf, Skeifunni 2
 Prentsmiðjan Leturprent ehf, Dugguvogi 12
 Rafax ehf, Prestastíg 8
 Rafna ehf, Suðurlandsbraut 16
 Rafloft ehf, Súðarvogi 20
 Rafsvið sf, Viðarhöfða 6
 Rafer hf, Skeifunni 3e
 Reykjavík Residence Hotel, Laugavegi 182
 RJ Verkfræðingar ehf, Stangarhyl 1a
 Rossopomodoro, veitingastaður, Laugavegi 40a
 Samtök starfsmanna fjármálafræðisráða-SSF, Nethyl 2e

Semoco ehf, bilaverkstæði Suzukijónustan, Skeifan 17
 Sérefti ehf, málingarvöruslun, Siðumúla 22
 SFR stéttarfélag í almannajónustu, Grettisgötu 89
 SÍBS, Siðumúla 6
 Sjónarlind, bókabúð, Bergstaðastræti 7
 Skóarinn í Kringlunni ehf, Kringlunni 4-6
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
 SM kvótaping ehf, Skipholti 50d
 Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 Starfsmannafélag Reykjavíkur, Grettisgötu 89
 Staukur ehf-leiktæki og sjálfisalar, Skipholti 56
 Stál og stansar ehf, Vagnhöfða 7
 Stólpi Gámar, Klettagörðum 5
 Stólpi gámar ehf, gámaleiga- og sala, Klettagörðum 5
 Sægreifinn, Verubúð 8 við Geirsgötu
 Tandur hf, Hesthálsi 12
 Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen, Sólvallagötu 84
 Tannlæknastofa Elinar Wang, Vegmúla 2
 Tannlæknastofa Gísla Vilhjálmssonar, Laugavegi 163
 Tannlæknastofa Sigurjóns Arlaugssonar ehf, Skólavörðustíg 14
 Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
 Tannsinn ehf, Hraunbergi 4
 Tanþing ehf, Þingholtsstræti 11
 Teiknistofan Arkitektar, Brautarholti 6
 Terra Export ehf, Nethyl 2b
 The Capital Inn, Suðurlhlið 35d
 THG Arkitektar ehf, Faxafeni 9
 Timberland Kringlunni & Laugavegi
 Tóbaksverslunin Björk, Bankastræti 6
 Tónskóli þjóðkirkjunnar Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66
 Trackwell hf, Laugavegi 178
 Trévirk ehf, Skeifunni 3
 Ullarkistan ehf, Laugavegi 25
 Umslag ehf, Lágúla 5
 Útfráþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Fjarðarási 25
 Vefnaðarvöruslunin Virka ehf, Mörkinni 3
 Veitingahúsið Fiskfélagið, Vesturgötu 2a
 Verkfræðistofa Jóhanns Indríðasonar ehf, Siðumúla 1
 Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
 Verslunin Kvosin, Aðalstræti 6-8
 Við og Við sf, Gyfalótt 3
 VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
 Wise lausnir ehf, Borgartúni 26
 Yndisauki ehf, Vatnagörðum 6
 P.G. verktakar ehf, Lágúla 7
 Pín verslun ehf

Seltjarnarnes

Innrömmun Guðmundar, Eiddstorgi 15
 Nesskip hf, Austurströnd 1
 Vökvatæki ehf, Byggögörðum 5

Vogar

Loftræðisreinsun ehf, Vogagerði 19

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
 Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1
 Ásborg sif, Smiðjuvegi 11
 BB44 Gisting ehf, Borgarholtsbraut 44
 Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
 Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
 Bókun sf endurskoðun, Hamraborg 1
 Cargo sendibílaeiga ehf, Skemmuvegi 32
 Elfa Guðmundsdóttur tannlæknir, s: 564 6250, Hlíðasmára 14
 Ferli ehf, Hlíðasmára 8
 Go2 Flutningar ehf, Kirkjuvegi 15
 goddi.is, Auðbrekku 19
 Gúmmibátar og gallar sf, Smiðjuvegi 8
 Hegas ehf, Smiðjuvegi 1

Ingi hóþferðir ehf, Laufbrekku 16
 Inter Medica ehf, Skemmuvegi 6
 JS-hús ehf, Skemmuvegi 34a
 Karína ehf, Breiðaharfi 5
 Landmótun sf, Hamraborg 12
 Libra ehf, Bæjarlind 2
 MótX ehf, Hlíðasmári 19
 Nobex ehf, Hlíðasmára 6
 Pottagaldrar ehf, Laufbrekku 18
 Rafmiðlun hf, Ógurharfi 8
 Rafnar ehf, Vesturvör 32b
 Rafvirkni ehf, Akralind 9
 Ráðgarður, skiparáðgjöf ehf, Hamraborg 1
 Ræstingþjónustan sf, Smiðjuvegi 62
 Skalli, Ógurharfi 2
 Sports Direct, Skógarlind 2
 Tíbrá ehf, Asparharfi 1
 Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf, Smiðjuvegi 11
 Útfráarstofa Íslands ehf, Auðbrekku 1
 Veitingþjónusta Lárúrar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
 Verifone á Íslandi ehf, Hlíðasmára 12
 Vidd ehf, lífsverslun, Bæjarlind 4

Garðabær

Á Ís ehf kvikmyndagerð, Vesturbú 1
 Bilasprautun Íslands ehf, Lyngási 12
 First Class ehf, Móaflöt 20
 Fitjaborg ehf, Háholli 8
 Garðabær, Garðatorgi 7
 GJ bláhús, Suðurhrauni 3
 Hjallastefnan ehf, Lyngási 11
 Kristmundur Carter málarameistari, Löngulínu 2
 Okkar bakarí ehf, lönubúð 2
 Samhentir, Suðurhrauni 4
 Tannlæknastofa Úlfhildar Leifsdóttur, Garðatorgi 7
 Val-ás ehf, Suðurhrauni 2
 Versus bílaréttingar og máluun, Suðurhrauni 2
 Vörkuþing ehf, heildverslun, Miðhrauni 15
 Öryggisgríðingur ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Aftækni ehf, Gjúthrauni 6
 Apótek Hafnarfjarðar, Tjarnarvöllum 11
 Ás, fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17
 DS lausnir ehf, Rauðhelli 5
 Efnalaugin Glæsir, Bæjarhrauni 4
 Eiríkur og Einar Valur ehf, Norðurbakka 17b
 EO-Tréverk sf, Háabergi 23
 Essei ehf, Hólshrauni 5
 Fjarðargrjót ehf, Furuhlíð 4
 H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66
 Hafnarfjarðarbær
 Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
 Hagmálin sif, Ertuási 56
 Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
 Heimir og Jens ehf, Birkibergi 14
 Ican-Beykireykt þorskiður ehf, Fornubúðum 5
 Ísrór ehf, Hringhelli 12
 Jónas Þór Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður, Strandgötu 25
 Lagnameistarin ehf, Móabari 36
 Opal Sjávarfang ehf, Grandatröð 4
 Rafgeymasalan ehf, Dalshrauni 17
 Rótor ehf, s: 555 4900, Helluhrauni 4
 SBJ réttingar ehf, Kaplahrauni 12
 Snittvélin ehf, Brekkutröð 3
 Tannlæknastofa Ágústis J Gunnarssonar sf, Reykjavíkurvegi 66
 Umbúðamiðlun ehf, Fornubúðum 3
 Verkvik-Sandtak ehf, Rauðhelli 3
 Verkþing ehf, Kaplahrauni 22
 Verslunin Andrea, Strandgötu 19
 Viðir og Alda ehf, Reykjavíkurvegi 52a
 VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
 Þvottahúsið Faggreinsun, Reykjavíkurvegi 68


Álfanes

Dermis Zen sif, Miðskógum 1

DYGGUR STUÐNINGSADILI ENDURNÝJAR SAMNING

Barnaheill – Save the Children á Íslandi og Icelandair Group hafa endurnýjað samstarfssamning þess efnis að Icelandair Group verði sérstakur bakhjarl Barnaheilla. Fyrirtækið hefur frá árinu 2008 styrkt samtökin um ákveðinn fjölda flugferða og gistinátta á ári hverju.

Samningurinn var undirritaður af Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group og Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla.


„Þetta gagnast Barnaheillum sérlega vel þar sem samtökin eru virk bæði hér á landi og erlendis. Stuðningur Icelandair Group er okkur afar mikilvægur,“ sagði Erna við undirritun samningsins. 



ARSENAL STYRKUR



Árlega stendur breska knattspyrnuliðið Arsenal fyrir góðgerðahlaupi þar sem stuðningsmannaklúbbur víðsvegar um heiminn taka þátt. Síðustu fjögur ár hefur Arsenalklúbburinn á Íslandi einnig tekið þátt og í stað þess að rukka hlaupara um ákveðna upphæð þá borgar klúbburinn fyrir hvern þátttakanda. Í ár fór hlaupið fram 11. apríl og hlaupið var til styrktar alþjóðasamtökum Barnaheilla - Save the Children. Alls söfnuðust 150 þúsund krónur á Íslandi, en yfir milljón bresk pund á alþjóðavísu, eða tæpar 203 milljónir íslenskra króna. Arsenalklúbburinn lét íslenska söfnunarféð renna til Vináttuverkefnis Barnaheilla.

Sigurður Enoksson, formaður Arsenalklúbbsins, afhenti Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla, söfnunarféð fimmtudaginn 28. maí síðastliðinn. 

**KOMDU Í
FÓTBOLTA**

ÁFENGI Í MATVÖRUVERSLANIR –SKREF AFTUR Á BAK?

Fyrir Alþingi liggur nú lagabreytingatillaga þess efnis að afnema skuli einkaleyfi ÁTVR á áfengissölu og leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa yfir áhyggjum sínum vegna þeirrar tillögu. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess. Aukin áfengisneysla er líkleg til að hafa slæm áhrif á líf barna. Ekki bara barna sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af áfengisneyslu foreldra sinna eða forsjáraðila, heldur líka barna og ungmenna sem freistast vegna auðveldara aðgengis. Þeim mikla árangri sem náðst hefur með forvarnarstarfi liðinna ára og birtist í minnkandi áfengisneyslu á meðal unglinga, er stefnt í hættu ef frumvarpið verður að lögum.



Börn eiga rétt á vernd og umönnun eins og velferð þeirra krefst og jafnframt rétt á að lífa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Ísland hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem meðal annars er kveðið á um þessi og önnur mannréttindi barna og gildir sáttmálinn sem íslensk lög.

Samkvæmt barnasáttmálanum skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang við ráðstafanir sem varða börn. Þetta þýðir að við allar samfélagslegar ákvarðanir sem teknar eru og varða líf barna verður að hafa sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu ráðandi. Því þurfa þingmenn að spyrja sig þeirrar spurningar hvort það að leyfa áfengissölu í matvöruverslunum sé börnum samfélagsins fyrir bestu er þeir gera upp hug sinn til

tillögunnar. Því fylgir að spyrja hvort rétt sé að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi þar sem allir sem vilja og hafa aldur til geta keypt sér áfengi og aðgengi er gott, þótt stundum þurfi að sýna fyrirhyggju. Einnig þarf að íhuga hvort rétt sé að leyfa áfengissölu í matvöruverslunum og hætta þar með á að glata þeim mikla árangri sem náðst hefur af áfengisforvörnum undangenginna ára.

Í matvöruverslunum er ekki óalgengt að ungmenni sem ekki hafa aldur til að kaupa áfengi séu við afgreiðslu. Verði tillagan samþykkt geta skapast flóknar og erfiðar aðstæður fyrir ungt afgreiðslufólk sem þarf að neita jafnöldrum og jafningjum um kaup á áfengi. Það gefur auga leið að erfiðara verður að hafa virkt eftirlit með áfengissölu við þessar aðstæður.

Þó að tóbakssala fari fram í matvöruverslunum í dag þá er sú staðreynd ekki röksemd fyrir því að þá sé í lagi að selja þar áfengi, þó byggt sé á þeim rökum í frumvarpinu. Það að leyfilegt sé að selja eina skaðsama vöru í matvöruverslunum réttlætir ekki sölu annarrar skaðsamrar vöru. Að auki er í frumvarpinu rætt um að áfengi verði að einhverju leyti sýnilegt í kælskápum inni í matvöruverslunum, en hins vegar hefur tóbak verið falið í verslunum um þó nokkurt skeið vegna verndarsjónarmiða.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vara við því að þingmenn stígi það skref að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum, því slíkt væri skref aftur á bak í vernd barna.



Þóra Jónsdóttir

ÁSKORUN TIL ÞINGMANNA VEGNA ÁFENGISFRUMVARPSINS

Barnaheill - Save the Children á Íslandi skoruðu á þingmenn í mars 2015 að hafa réttindi barna í forgrunni þegar ákvörðun um áfengisfrumvarpið er tekið.

Öllum þingmönnum var sendur tölvupóstur þar sem samtökin hvöttu þingmenn til að huga að neikvæðum afleiðingum sem aukið aðgengi að áfengi hefði á velferð barna og unglinga. Minnt var á að samkvæmt 3. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem nú er hluti af íslenskum lögum, beri þingmönnum að setja hagsmuni barna í forgang þegar ákvarðanir sem hafa áhrif á börn með einum eða öðrum hætti eru teknar. Þá sagði einnig:

„Hagsmunir barna af því að njóta verndar gegn skaðlegum áhrifum áfengis eiga því að vega þyngra en hugsanlegir hagsmunir fullorðinna af því að geta keypt áfengi í almennum verslunum. Má í því sambandi einnig benda á að íslenska ríkinu er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, til þess að vernda börn gegn skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna, sbr. meðal annars 33. gr. Barnasáttmálans.“

Á vef Barnaheilla er að finna umsögn samtakanna um frumvarpið, en umsögnin var einnig send nefndarsviði Alþingis.





Alþýðusamband Íslands



BBA



ÍSLENSK VERÐBRÉF



HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Landsvirkjun

GINGER



HS ORKA



Eirberg



ISNIC



Verkalýðs- og
sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis

Hvalur hf.

ÁBENDINGAHNAPPUR

Barnaheill – Save the Children á Íslandi reka í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra Ábendingalínu þar sem hægt er að tilkynna um óviðeigandi eða ólöglegt efni á netinu. Á vef samtakanna er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar. Rekstur ábendingalínunnar er hluti af alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu og er styrkt af Safer Internet samstarfsáætlun Evrópusambandsins.

Frá árinu 2001 hafa borist ríflega 4000 ábendingar í gegnum ábendingahnappinn. Þar af eru að meðaltali 45% ábendinganna um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2014 bárust ábendingar um 930 vefslóðir eða annars konar miðla og 98 þeirra reyndust innihalda efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt, eða í 10,5% tilfella. Skráning ábendinga á árinu 2014 miðaðist við fjölda vefslóða en ekki fjölda tilkynninga, því algengt er að hver ábending varði fleiri vefslóðir.

Framan af var lítið um ábendingar um vefsíður sem voru vistaðar á Íslandi, en á undanföllum árum hefur þeim fjölgað. Um er að ræða íslenskar vefsíður með kynferðislegu myndefni eða texta um íslensk börn og unglíng. Einnig hefur ábendingum um efni á samfélagsmiðlum fjölgað.

www.barnaheill.is



Vissir þú að...

börn eiga rétt á vernd

gegn kynferðislegu ofbeldi.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA



TÖLVUMIÐLUN



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir



www.fit.is



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



NEYTENDASTOFA





Barnaheill – Save the Children hafa unnið gegn Ebólufaraldrinum í fjórum héruðum í Sierra Leone eftir að faraldurinn braust út á síðasta ári. Áhersla hefur verið lögð á vitundarvakningu og að koma í veg fyrir smit.

Starfsmenn Save the Children í Sierra Leone unnu meðal annars á sérhæfðri miðstöð

SAVE THE CHILDREN GEGN EBÓLU Í SIERRA LEONE

fyrir faraldurinn í Kerry Town. Þar fer fram meðferð á smituðum og einnig er sérhæfð rannsóknarstofa á staðnum sem vinnur úr sýnum. Starfsmenn Save the Children buðu sig allir fram til að starfa við þessar aðstæður og fengu sérstaka þjálfun og þurftu staðfestingu frá lækni og sálfræðingi áður en þeir fóru af stað. Öryggi starfsmanna samtakanna er ávallt í forgangi.

Verkefnið miða einnig að því að efla heilsugæslu á þeim stöðum þar sem hún hafði veikt vegna faraldursins. Með verkefnum tengdum heilsu, vernd barna, menntun og mannréttindum barna náðu samtökin til um 100.000 manna á 10 mánuðum frá því að viðbragðsáætlun samtakanna vegna Ebólu hófst í mars 2014.

Meðferð á fyrstu stigum sjúkdómsins getur skilið milli lífs og dauða. Frá opnun miðstöðvarinnar í Kerry Town voru líflíkur sjúklinga um 50% en sú tala fór hækkandi eftir því sem á leið.

Samtökin þjálfuðu einnig um 300 heilbrigðisstarfsmenn sem gengu hús úr húsi í hverfum Freetown þar sem Ebóla hafði gert vart við sig til að hjálpa fjölskyldum að þekkja einkenni og hvert hægt væri að snúa sér vaknaði grunur um smit.

Í maí 2015 höfðu alls tæplega 27 þúsund manns greinst með sjúkdóminn og rúmlega 11 þúsund látist af völdum hans. Langflest tilfelli hafa komið upp í þremur löndum Afríku; Gíneu, Líberíu og Sierra Leone. Nú hefur tekist að ná tókum á faraldrinum og Líbería hefur lýst því yfir að landið sé laust við Ebólu. Tilfellið í Sierra Leone hefur fækkað mikið en á viku tímabili mánaðarmótin apríl/maí 2015 komu einungis upp níu ný tilfelli.



Sigríður Guðlaugsdóttir

Pampers
love sleep & play

Húðlæknar mæla með Pampers

Pampers bleiur hafa fengið sérstaka viðurkenningu frá óháðum samtökum húðlækna, **Skin Health Alliance**. Pampers bleiur þykja sérstaklega góðar fyrir húð ungbarna, en þær eru nú með nýju og stærra yfirlagi sem dregur bleytu hraðar frá viðkvæmri húð barnsins. Húðin helst þurr og barnið getur sofið ótruflað lengur.

Þess vegna mæla húðlæknar með Pampers.





Paris Danda garðurinn í Katmandu, stærsta opna svæði í borginni er orðið að tjaldborg.

©Rajan Zaveri/Save the Children

Starfsfólk Barnaheilla – Save the Children í Nepal hefur unnið hörðum höndum að neyðaraðstoð frá því að stóru jarðskjálftarnir urðu þar í apríl og maí. Nú í byrjun júní liggur á að koma fjölskyldum í öruggt skjól, því stutt er í að rigningartímabilið hefjist. Samtökin hafa dreift meira en 44 tonnum af hjálpargögnum til nauðstaddra en talið er að hundruðir þúsunda gætu enn verið heimilisláusar þegar rigningartíminn hefst. Þá er einnig hætt á aurskriðum og flóðum. Það gæti skapað aðra mannúðarkrísu, að sögn Delilah Borja, yfirmanns landsskrifstofu Barnaheilla – Save the Children í Nepal.

Meira en átta þúsund manns létust í jarðskjálftunum, rúmlega 20 þúsund slösuðust og daglegt líf milljóna barna er úr skorðum.

Save the Children hafa unnið í Nepal frá árinu 1976 og starfrækja margs konar verkefni á 63 svæðum í landinu. Viðtækt hjálparstarf hefur átt sér stað eftir skjálftana, hvað mest á Sinhupalchowk svæðinu austur af Katmandú sem varð hvað verst úti í skjálftunum. Meira en 18 þúsund segldúkum hefur verið dreift, 11 þúsund hreinlætispökkum og tæplega fjögur þúsund ungbarna- og fæðingapökkum. Þá hefur töflum til að hreinsa vatn verið dreift víða.

Það gæti tekið mörg ár fyrir sum börnin að komast yfir afleiðingarnar af áfallinu sem þau urðu fyrir. „Þau kljást við mikinn ótta og óöryggi og harðir eftirskjálftar hafa enn aukið á ótta þeirra. Við höfum miklar áhyggjur af sálrænni líðan þeirra,“ segir Delilah.

Fjölskyldur kjósa frekar að sofa úti, í tjöldum eða bráðabirgðaskjólí, en heima hjá sér þar

sem heimili þeirra hafa orðið fyrir skemmdum eða þær eru hræddar við fleiri jarðskjálfta. Næstum 750 þúsund heimili skemmdust eða eyðilögðust í skjálftunum, en sá fjöldi hefur áhrif á 3,7 milljónir manna, þar af 1,5 milljónir barna. „Tjöld og segldúkar eru út um allt, meira að segja golfvöllurinn í Katmandú er orðinn að tjaldborg,“ segir Delilah.

Áhersla hefur verið lögð á að dreifa seglum og öðru efni svo fólk geti útbúið sér skjól auk þess að gefa þeim verst stöddu mat og vatn. Til þess hafa verið notaðar þylur og asnar og þannig hefur samtökunum tekist að ná til meira en 105 þúsund manns, þar af 63 þúsund barna.

Nú hafa samtökin skuldbundið sig til að opna 40 tímabundnar fræðslumiðstöðvar í Gorkha og að endurbyggja salernisaðstöður. Næsta skref er svo að koma á barnvænum svæðum sem eru örugg þar sem börn fá kennslu, geta leikið sér og fengið sálfræðiaðstoð.

Helstu verkefni Barnaheilla – Save the Children í Nepal fyrir jarðskjálftana sneru að menntun, sérstaklega menntun á leikskólastigi. Þá hefur áhersla verið á heilsu mæðra og barna auk almennrar heilsugæslu og forvarna gegn sjúkdómum á borð við HIV og eyðni.



Sigríður Guðlaugsdóttir



Mina hafði skroppið út til að ná í vatn og skilið níu mánaða dóttur sína eftir í rúminu þegar jarðskjálftinn reið yfir og húsið hrundi. Eiginmaður hennar kom strax heim úr vinnu og tókst eftir tvo klukkutíma að komast inn um glugga. Dóttir þeirra fékk smávægilega áverka á höfuðið, en var enn að leika sér í rúminu þegar hann bjargaði henni úr húsinu.

©Rajan Zaveri/Save the Children



Birgðastöð í Wadi Barada

MATARGJAFIR Í SÝRLANDI

Frá upphafi átakanna í Sýrlandi árið 2011 hefur ástandið farið hröðversnandi dag frá degi og sjaldan verið verra en nú þegar ISIS samtökin hafa yfirtekið stór landssvæði og eira engu. Áætlað er að nú milljónir manna hafi flúið heimili sín, þar af séu á sjöunda milljón landflótta í eigin landi. Af þeim eru um helmingur börn. Tæplega 5 milljónir búa á afskekktum svæðum sem hafa einangrast og allar nauðsynjar eru af skornum skammti, svo sem matur, vatn og eldsneyti. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa með stuðningi Utanríkisráðuneytisins fjármagnað verkefni sem felst í að dreifa matarkörfum til fjölskyldna á tveimur þessara staða, Wadi Barada og Dara'a.



Alls sendu samtökin um 10 milljónir króna í verkefnið.

WADI BARADA

Wadi Barada dalur er sunnan við Damascus og þar búa um 50.000 manns, meðal annars flóttamenn úr öðrum landshlutum. Undanfarna mánuði hefur ástandið hröðvesnað í dalnum og hafa hjálparstarfsmenn þurft að yfirgefa svæðið tímabundið vegna átaka.

Þrátt fyrir ástandið tókst að koma matarkörfum til 1606 fjölskyldna, eða 206 fleiri fjölskyldna en lagt var upp með í upphafi.

DARA'A

Í Dara'a héraði var matakörfum dreift í tveimur borgum, Tel Shihab og Sheikh Miskeen. Tel Shihab hefur sloppið nokkuð vel frá átökunum þó þau hafi aukist í bæjunum í kring. Samt sem áður hefur rafmagn og aðrir orkugjafar verið af mjög skornum skammti. Vatnsskortur hefur einnig hrjáð íbúa í borginni. Í Dara'a tókst að dreifa matarkörfum til þeirra 400 fjölskyldna sem stefnt var að. Ástandið er mun verra í Sheikh Miskeen þar sem hörð átök hafa geisað. Tveir þriðju hlutar borgarinnar eru algjörlega

án rafmagns. Vatnsveitan skemmdist í átökum í mars svo íbúarnir reiða sig á brunn sem gengur fyrir olú sem er dýr og af mjög skornum skammti. Barnaheill – Save the Children náðu að dreifa 370 af þeim 400 matarkörfum sem áætlað var í Sheikh Miskeen.

SYRIA REGIONAL POOL FUND

Seinnipart ársins 2014 sóttu Barnaheill – Save the Children um styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að taka þátt í að fjármagna svokallaðan Syria Regional Pool Fund sem stýrt er af alþjóðasamtökunum. Sjóðurinn veitir fjármagni til neyðarhjálp og mannúðaraðstoðar vegna hörmunganna í Sýrlandi. Hann var settur á stofn til þess að framlög frá meðlimum Save the Children víðsvegar úr heiminum nýttust sem best og væri stýrt skipulega inn í þau verkefni sem samtökin standa fyrir á svæðinu. Ekki fékkst styrkur frá ráðuneytinu en samtökin sendu um 2 milljónir króna í sjóðinn á síðasta ári. Stærstur hluti framlagsins kom frá Hagaskóla sem safnaði 1,1 milljón króna á góðgerðardegi sínum *Gott mál – unglingar fyrir unglinga* síðastliðið vor.



Erna Reynisdóttir

Minningarkort

barnaheill.is/minningarkort



VERKEFNI BARNHEILLA Í NORÐUR-ÚGANDA

Úttekt og útgönguáætlun

Verkefnum Barnaheilla til uppbyggingar og menntunarmála í Norður-Úganda er að ljúka. Útgönguáætlun er nú á lokastigi en áður en hún hófst var gerð óháð úttekt á verkefnum. Stella Samúelsdóttir, ráðgjafi og sérfræðingur í úttektum á þróunarsamvinnuverkefnum, var fengin til starfsins í mars 2014. Niðurstöðurnar voru kynntar bæði í Utanríkisráðuneytinu og fyrir stjórn Barnaheilla síðar um vorið. Úttektin náði fyrst og fremst til verkefnis sem hófst árið 2010 og lauk síðla árs 2013 en meginmarkmið þess verkefnis var að bæta aðgengi að menntun og bæta gæði menntunar í heilbrigðu, öruggu og jákvæðu umhverfi í fjórum skólum í Pader og Agago héruðum í Norður-Úganda. Aðgengi að skólamáltíðum var bætt inn í verkefnið árið 2013 en tilgangur þess var að bæta mætingu og árangur í námi með því að bjóða upp á næringarríkar máltíðir. Einnig var unnið að því að auka þekkingu á næringu og hreinlæti innan skólanna. Úttektin var framkvæmd þannig að Stella heimsótti alla fjóra skólana sem um ræddi og talaði við skólafyrirvöld, kennara, nemendur og foreldra, ásamt því að ræða við samstarfsaðila Barnaheilla á svæðinu.

Það er gleðilegt að segja frá því að niðurstaða úttektarinnar var á þá leið að langflestum markmiðum verkefnisins var náð, bæði hvað

varðar samsvörun og skilvirkni. Sú staðreynd varð reyndar til þess að ný vandamál sköpuðust með auknum nemendafjölda þar sem álagið varð meira á skólana. Sem dæmi má nefna að uppbygging hreinlætisaðstöðu dugði oft á tíðum ekki á þeim stöðum þar sem nemendafjöldi hafði aukist mest. Einnig var ljóst að ekki náðist að koma á skólamáltíðum í öllum skólunum meðal annars vegna þess að ekki var nægt fjármagn til uppbyggingar framtíðarskólalæðs.

Því var ráðist í að gera svokallaða útgönguáætlun (exit plan) sem ætlað væri að aðlaga skólana þannig að þeir væru sem mest sjálfbærir eftir að verkefninu lyki alveg. Markmið útgönguáætlunarinnar voru gerð í samræmi við niðurstöður úttektarinnar og voru eftirfarandi:

- Gera við borholu fyrir vatn við Lamiyo skólann
- Bæta við handþvottaðstöðu við alla skólana fjóra
- Byggja upp nýjar salernisaðstöður í öllum skólunum fjórum þar sem gert er ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir stúlkur og fatlaða.
- Byggja skólalæðs með geymsluaðstöðu við alla fjóra skólana
- Útvega bauna og maísfræ til gróðursetningar
- Þjálfa kennara í bættum kennsluáferðum og jafningjamati

- Stýðja skólanefndir og foreldrafélög í að setja sér vinnureglur
- Halda verkefnaloksfundi með aðstandendum allra fjögurra skólanna með það að markmiði að skoða hvað ávannst og hvernig megi viðhalda ávinningi og byggja áfram á honum.

Öll þessi atriði hafa verið framkvæmd og er nú unnið að lokaskýrslu verkefnisins. Það er ljóst að verkefnið í heild sinni hefur skilað þeim árangri sem lagt var upp með í upphafi.

Framtíðarstuðningur Barnaheilla við þróunarsamvinnuverkefni, eins og það sem hér er ræðið, er óljós þegar þessi orð eru rituð. Stuðningur samtakanna er háður opinberum styrkjum frá Utanríkisráðuneytinu og er þess nú beðið að nýjar verklagsreglur verði kynntar. Í framhaldi af því munu samtökin vinna að allsherjar stefnumótun um erlenda þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð til næstu þriggja ára. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru smá á alþjóðavísu og minnsta aðildarfélagið innan alþjóðasamtaka Save the Children. Samt sem áður skiptir stuðningur samtakanna miklu máli fyrir þá sem hann fá eins og verkefni samtakanna í Úganda hafa sannað.


Erna Reynisdóttir

ICELANDAIR GROUP

Burðarás í íslenskri
flug- og ferðapjónustu



Íslensk ferðapjónusta er sú atvinnugrein landsins sem er í örustum vexti og við erum stolt af framlagi okkar til uppbyggingar ferðapjónustu um land allt.

FJÁRÖFLUN

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Fjáröflun samtakanna er því grunnurinn að rekstrinum. Nokkur fjáröflunarverkefnanna fara fram árlega, meðal annars söfnun Heillavina sem styrkja samtökin með mánaðarlegu framlagi, sala minningarkorta, Út að borða fyrir börnin, sala jólakorta og Jólapeysan.

Jólapeysan var haldin í annað sinn á árinu 2014. Safnað var fyrir Vináttu, forvarnarverkefni samtakanna gegn einelti í leikskólum. Á jólapeysan.is var hægt að skrá sig til leiks, finna upp á áskorun og hvetja vini og vandamenn til að heita á sig. Fjöldi fólks tók þátt, þar má nefna Vilborgu Örmu Gissurardóttur sem gekk aftur á bak upp Esjuna ásamt Selmu Björk Hermannsdóttur, Már Guðmundsson seðlabankastjóri tilkynnti vaxtaákvörðun í jólapeysu, Stefán Karl Stefánsson, klæddi sjálfan Trölla í jólapeysu, Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra, sinni þingstörfum íklædd jólapeysu og Hildur Eir Bolladóttir messaði í jólapeysu, svo fátt eitt sé nefnt.

jolapeysan.is



Vilborg Arna Gissurardóttir Aheitanúmer 4018

„Ég ætla að labba afturábak upp Esjuna í jólapeysu ef þú heitir á mig!“

Vilborg Arna Gissurardóttir



Stefán Karl Stefánsson Aheitanúmer 4021



Dagur B. Eggertsson Aheitanúmer 4011



Eygló Harðardóttir Aheitanúmer 4012



Már Guðmundsson Aheitanúmer 4017

„Ég ætla að tilkynna vaxtaákvörðun í desember í jólapeysu ef ég næ að safna dágóðri upphæð í áheit.“

Már Guðmundsson



Telma Lucinda Tómasson Aheitanúmer 4019



Harpa Þorsteinsdóttir Aheitanúmer 4013



Logi Bergmann Eðsson Aheitanúmer 4015



Hraðvétr Aheitanúmer 4014



Hildur Eir Bolladóttir Aheitanúmer 4024

„Ég ætla að messa í jólapeysu á aðfangadagskvöld ef þú heitir á mig!“

Hildur Eir Bolladóttir



Börgvin Haldórsson Aheitanúmer 4010



Með okkar agum Aheitanúmer 4016

**ÚT AÐ
BORÐA
FYRIR
BÖRNIN**

15. FEB-15. MARS



Karl Jóhann Jónsson listmálari studdi samtökin árið 2014 með því að leyfa afnot af myndinni Emilia í snjónum á jólakort samtakanna 2014. Myndin á kortinu er af dóttur listamannsins og hún er máluð í anda tímaritauglýsinga frá miðbiki síðustu aldar.


SÉRSTAKAR ÞAKKIR

Stjórn og starfsfólk
Barnaheilla – Save
the Children á
Íslandi þakka öllum
þeim sem lagt hafa
samtökunum lið á
liðnu ári.

Með stuðningnum
er samtökunum
gert kleift að vinna
mikilvægt starf í
þágu barna.

GLÆÐIR -áburðarvökvi úr klóþangi!

GLÆÐIR er mjög næringarríkur
áburðarvökvi sem hentar til
notkunar á **grasflatir, íþrótt- og
golfvelli, tré, runna, úti- og inni-
plöntur, kartöflur og flestan
annan gróður.** GLÆÐIR er seldur
í 1, 5, 10, og 20 lítra brúsum,
120 lítra tunnu og 1000 lítra tanki.
Nánari upplýsingar um efnið og
notkun þess fást hjá útsöluaðilum



Glæðir er seldur í blómabúðum

Framleiðandi Guðjón D. Gunnarsson Reykhólum.
S: 434 7785 og 866 9386



Reykjavíkurborg

takk fyrir

að styðja

mannréttindi barna



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Stjórn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í maí 2015: Frá vinstri Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri, Þórarinn Eldjárn, Már Mátsson, Helga Sverrisdóttir, Ólafur Guðmundsson, Kolbrún Baldursdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, María Sólbergisdóttir og Bjarni Karlsson. Á myndina vantar Gunnar Hrafn Jónsson og Sigríði Olgeirsdóttur.

VIÐ ERUM BARNNAHEILL

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjálss félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í yfir 120 löndum.

Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumaneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún skrifaði stefnuýfirlýsingu samtakanna árið 1921. Barnasáttmálinn eins og við þekkjum hann í dag á rætur að rekja til þessarar yfirlýsingar en hefur þróast í takt við nýjar

hugmyndir alþjóðasamfélagsins um réttindi barna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálss félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er www.barnaheill.is. Þú finnur okkur líka á Facebook, Twitter og Instagram.



Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna, Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri, Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri og Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála.



Trefjaríkar flögur og stökkt granóla



Góð nýjung

Morgnar eru til þess að njóta! Byrjaðu daginn með skál af Havre-crunch sem bæði bragðast dásamlega og uppfyllir hollustukröfur Skráargatsmerkisins. Prófaðu Havre-crunch ef þér finnst bragðið skipta að minnsta kosti jafnmiklu máli og heilsan. Bragðgóð máltíð.

NJÓTTU HOLLUSTU



Skoðið ávallt
leiðbeiningar um
notkun lyfsins

Ræðst gegn verkjum



Paratabs®

– Öflugur verkjabaní!

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngrir: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lifrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðalósblóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langvarandi vannæringu. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetylsalicylsýru. Ef hár hiti eða einkenni sykingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðganga og brjóstgjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolast almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lifrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Mars 2015.


Actavis